# FRÉTTABLAÐIÐ

244. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 16. OKTÓBER 2018


# Samfylking dalar og ábyrgðin sögð Dags í Braggamáli

**Sjálfstæðisflokkurinn mælist langstærsti flokkurinn í borginni. Vinstri græn og Píratar bæta við sig. Flestir á því að borgarstjóri beri ábyrgð í Braggamáli.**

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin tapar mestu fylgi allra borgarstjórnarflokkanna samkvæmt könnun sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is. Aðrir flokkar í meirihluta bæta hins vegar við sig fylgi eða halda í horfinu. Sjálfstæðisflokkurinn mælist, líkt og í síðustu kosningum, stærstur flokka.

Samkvæmt könnuninni myndu um þrír af hverjum tíu, sem tóku afstöðu, greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt en það er svipað og kjörfylgi flokksins í vor. Samfylkingin mælist með 21 prósent en hlaut tæp 26 prósent í kosningunum. Píratar bæta nokkru við sig og fengju 12,7 prósent atkvæða samanborið við tæp 8 í vor.

Viðreisn mælist með rúm 9 prósent nú samanborið við rúm 8 í vor. Vinstri græn mælast með ríflega 8 prósent og bætir nokkru við sig. Flokkurinn fékk 4,6 prósent atkvæða í borgarstjórnarkosningunum.

Séu niðurstöður könnunarinnar mátaðar við stóla borgarfulltrúa myndi meirihlutinn halda velli með þrettán fulltrúa en vera öðruvísi samansettur. Samfylkingin myndi tapa tveimur mönnum en Píratar og Vinstri græn bæta við sig einum manni hvor flokkur. Borgarstjórnarflokkur Viðreisnar myndi áfram telja tvo menn. Samsetning borgarfulltrúa minnihlutans væri óbreytt.

Samhliða því að kanna fylgi flokkanna voru þátttakendur einnig spurðir hver þeim þætti að ætti

**Fylgi flokka í RVK**




að axla ábyrgð á framúrkeyrslu við endurbætur og viðbyggingar braggans í Nauthólsvík. Af þeim sem tóku afstöðu töldu flestir, um þriðjungur svarenda, að ábyrgðin væri borgarstjóra. Rúmlega fjórðungur taldi ábyrgðina vera meirihlutans og álíka margir, 26,2 prósent, svöruðu því að embættismenn ættu að axla ábyrgð.

Könnunin var framkvæmd 12.-15. október af Zenter rannsóknum fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is. Um síma- og netkönnun var að ræða og var úrtakið tvískipt. Annars vegar tilviljunarúrtak einstaklinga 18 ára og eldri úr könnunarhópi Zenter, og hins vegar tilviljunarúrtak 18 ára og eldri úr þjóðskrá. Um íbúa í Reykjavík var að ræða en gögnin voru vigtuð eftir kyni og aldri. Úrtakið var 1.450 manns og var svarhlutfall 54 prósent. **– jóe / sjá síðu 6**

## Kanna kvartanir undan starfsfólki

**STJÓRNSÝSLA** Þjónustukönnun verður lögð fyrir leigutaka Félagsbústaða til að fá yfirsýn yfir óánægju þeirra. Alvarlegar ásakanir í garð starfsfólks eru einnig á borði stjórnar. Leigutaki segir starfsmenn Félagsbústaða hafa legið á gluggum hjá sér.

„Það gengur mjög illa að fá hlustun um þessi mál,“ segir Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi um úttektir sem hún hefur óskað eftir á starfseminni. **– aá / sjá síðu 4**

## Kannabis verður löglegt í Kanada

**KANADA** Á morgun munu Kanadamenn vakna og geta rölt út í búð til að kaupa sér kannabisefni. Nærri aldargömul bannstefna verður að baki en neysla, varsla, sala og ræktun kannabisefna verður lögleg. Kanada



verður þannig annað ríki heims til þess að taka þetta skref og fetar í fótspor Úrúgvæ.

Kannabislögin svokölluðu voru samþykkt í öldungadeild kanadíska þingsins í júní síðastliðnum. **– þea / sjá síðu 8**



Hörður Björgvin Magnússon og Hannes Þór Halldórsson ganga hnípnir af velli eftir 1-2 tap Íslands fyrir Sviss í gær. Ísland er fallið í B-deild Þjóðadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá leiknum í gær má finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**




## Veður




Austan og norðaustan 8-15 og rigning, einkum SA til. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu, en gengur í allhvassa vestanátt SV-lands í kvöld með rigningu. SJÁ SÍÐU 16

# Komst ekki á land



Koma átti hinu mjög svo tignarlega varðskipi Óðni á land í Daníelsslipp í Reykjavík í gær. Tilraunin misheppnaðist hins vegar því að varðskipið hóf að síga á hliðina. Ráðstafanir verða gerðar til að rétta skipið við og er stefnt að koma því á land á næsta flóði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skúli áfrýjar til Landsréttar

**DÓMSMÁL** Skúli Gunnar Sigfússon, eigandi fasteignafélagsins Sjöstjörnunnar ehf. sem dæmt var til að greiða rúmar 400 milljónir til þrotabús EK1923 í síðustu viku, mun áfrýja dómnum til Landsréttar. Þetta staðfestir lögmaður Skúla, Heiðar Ásberg Atlason.

Heiðar Ásberg segir ekki hafa verið tekið tillit til þeirra varna sem færðar voru fram í málinu í héraði. Fjöldi vitna hafi gefið skýrslu fyrir dómi en þess sjáist ekki merki í hinum nýfallna dómi. Full ástæða sé til að áfrýja til Landsréttar og það verði gert á næstu vikum. **– aá**



**Skúli Gunnar Sigfússon, oft kenndur við Subway.**



Rannsóknarskipið Seabed Worker. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Gefin vika til að svara um Minden

**FJÁRSJÓÐSLEIT** Umhverfisstofnun gaf í gær lögmanni breska fyrirtækisins Advanced Marine Services Ltd. vikufrest til að skila skýrslu um framvindu mála við flak þýska flutningaskipsins SS Minden.

Í tölvuskeyti til lögmannsins, Braga Dórs Hafþórssonar hjá lögmannsstofunni Lex, vísar Umhverfisstofnun í ákvæði starfsleyfis AMS um að félagið skuli að lokinni framkvæmd „standa skil á skýrslu um niðurstöður mælinga og skráningar“ eins og segir í skeytinu.

Eins og kunnugt er hugðist AMS ná skáp með gulli úr póstherbergi Minden. **– gar**

LED LAMPAR
Rafvirkjar




LEDVANCE OSRAM
533 1900 I olafsson.is
Jóhann Ólafsson & Co

# Langflestir útlendingar í Landmannalaugum

**Fjöldi erlendra ferðamanna í Rangárvallasýslu sexfaldaðist á áratug. Þrettánföld fjölgun er að vetrarlagi. Áætlað er að í fyrra hafi útlendir ferðamenn verið níu af hverjum tíu gestum Landmannalauga. Hlutfallið er 28 prósent í Veiðivötnum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áætlað er að 1.381 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Rangárvallasýslu árið 2017. Þetta kemur fram í skýrslu um ferðamenn í Rangárþingi ytra 2008-2017.

Fyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. gerði skýrsluna fyrir Rangárþing ytra. Eins og við er að búast er fjölgun ferðamanna á svæðinu á þessum tíu árum gríðarleg. Þangað komu 230 þúsund ferðamenn árið 2008 miðað við þá 1.381 þúsund sem áður eru nefndir. Um er að ræða sexföldun.

„Þetta þýðir að 69 prósent erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Rangárvallasýslu en 46 prósent þeirra árið 2008. Samkvæmt því hefur Rangárvallasýsla aukið hlut sinn um 50 prósent á tímabilinu,“ segir um helstu niðurstöður skýrslunnar á vef Rangárþings ytra.

Fjölgunin er miklu meiri að vetrarlagi en yfir sumarið samkvæmt niðurstöðunum. „Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýsluna hafi fjölgað úr 167 þúsund árið 2008 í 569 þúsund árið 2017, eða 3,4 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunni mikið meira á sama árabili, úr 63 þúsund í um 812 þúsund, eða 13 falt,“ segir á vef sveitarfélagsins.

„Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Rangárvallasýslu hefur lengst jafnt og þétt og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklum mæli allt árið. Ferðaþjónusta er því orðin öflug heilsársatvinnugrein á svæðinu.“

Þá kemur fram að áætlað sé að af 1.381 þúsund erlendum gestum á láglendi Rangárvallasýslu árið 2017 hafi 458 þúsund gist þar að jafnaði í 1,6 nætur hver. Dagsgestir hafi þá verið 923 þúsund. „Því eru erlendar gistinætur á láglendi sýslunnar áætlaðar um 713 þúsund árið 2017. Þar við bætast áætlaðar 60 til 70 þúsund gistinætur á hálendi sýslunnar.“

Sérstaklega er rætt um erlenda ferðamenn í Landmannalaugum og öðrum hálendisstöðum. „Áætlað er að árið 2017 hafi 144 þúsund erlendir ferðamenn komið í Landmannalaugar en 68 þúsund árið 2008, sem er rúmlega tvöföldun,“ segir um heimsóknir á þennan vinsæla áfangastað íslenskra ferðamanna í gegn um áratugina.

„Erlendir ferðamenn voru samkvæmt könnunum RRF í yfirgnæfandi meirihluta gesta í Landmannalaugum árið 2017, 88 prósent, og á Hellu, 79 prósent, og í miklum meirihluta í Nýjadal, 61 prósent. Hins vegar var mjórra á munum í Hrauneyjum og Þykkvabæ en Íslendingar í miklum meirihluta í Veiðivötnum, 72 prósent,“ segir um gestakomur á þessa staði. **gar@frettabladid.is**



Af þeim 25 sem hér busla í Landmannalaugum má áætla að aðeins þrír hafi verið íslenskir, til dæmis þeir sem eru innan hringsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Rangárvallasýslu hefur lengst jafnt og þétt.**
>
> Skýrsla um ferðamenn í Rangárþingi ytra 2008-2017

**69**

**prósent erlendra ferðamanna á Íslandi heimsóttu Rangárvallasýslu í fyrra.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ferskt
ÍSLENSKT
hráefni



**1.198**
kr. kg

**FK Blandað Hakk**
Naut/Lamb, ferskt




1kg

**169**
kr. 1 kg

**Bónus Grautargrjón**
1 kg

**198**
kr. 130 g

**Bónus Kanill**
130 g

## Haframjöl og tröllahafrar

Sunnlensk gæðavara unnin úr bragð-miklum og hægsprottnum höfrum af ökrum í Meðallandi sem hafa aldrei verið úðaðir með eiturefnum.

NÝTT Í BÓNUS
GOTT MEÐ HÖFRUNUM

ÍSLENSKT
gjörið svo vel




1kg

**479**
kr. 1 kg

**Sandhóll Haframjöl**
1 kg




**279**
kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur**
Kakó, 1lítri




1kg

**479**
kr. 1 kg

**Sandhóll Tröllahafrar**
1 kg

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **21. október** eða meðan birgðir endast.

# Auglýsingabann bitni á innlendum framleiðendum

**ALÞINGI** Núverandi fyrirkomulag áfengisauglýsinga endurspeglar ekki nútímann. Þetta sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, í fyrirspurn til Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra á Alþingi í gær. Þorgerður benti á að áfengisauglýsingar væru til að mynda áberandi í erlendum miðlum og á samfélagsmiðlum.

„Það þekkja það allir að vera úti í Eymundsson og standa við hliðina á bæði íslenska og erlenda Glamour. Áfengisauglýsingar eru leyfðar í erlenda Glamour en ekki íslenska.“ Hún benti á að auglýsingar væru leyfðar, með takmörkunum, í Svíþjóð, Finnlandi og Frakklandi og sagði núverandi fyrirkomulag bitna á innlendum framleiðendum.

> **Áfengisauglýsingar eru leyfðar í erlenda Glamour, en ekki í íslenska.**
>
> Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

Sigríður sagði tilefni til að endurskoða bannið. Þó ætti það að vera forgangsatriði að afnema einkarétt ríkisins á smásölu áfengis. Þannig væri hægt að koma til móts við áhyggjur innlendra framleiðenda vegna auglýsingabannsins. – **þea**



**Víða er heimilt að auglýsa áfengi.**



**Aðgerðirnar voru kynntar í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Veita milljónir í sérnámsstöður heilsugæslunnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjölgað verður um fimm sérnámsstöður í heimilislækningum hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra tilkynnti í gær ákvörðun um að veita 57 milljónir króna til þessa verkefnis.

Hafði Heilsugæslan leitað til ráðuneytisins í sumar með ósk um viðbótarfjármagn í þessu skyni. Fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu að nú séu 46 læknar í sérnámi í heimilislækningum en fjölgað var um þrettán námsstöður í sumar.

Í tilkynningunni kemur fram að þörf fyrir fjölgun sérnámsstaða í heimilislækningum sé tvíþætt. Annars vegar til þess að fylgja eftir áherslum stjórnvalda um eflingu heilsugæslunnar. Hins vegar sé meðalaldur starfandi heimilislækna fremur hár og stór hópur þeirra muni fara á eftirlaun á komandi árum. – **sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.

# Stjórnin skoðar tíðar kvartanir undan starfsfólki Félagsbústaða

**Þjónustukönnun verður lögð fyrir leigutaka Félagsbústaða til að fá yfirsýn yfir óánægju þeirra. Alvarlegar ásakanir í garð starfsfólks eru einnig á borði stjórnar. Leigutaki segir starfsmenn Félagsbústaða hafa legið á gluggum hjá sér.**



**Haraldur Flosi Tryggvason stjórnarformaður segir stjórnina funda daglega um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNSÝSLA** „Það er á þessu ári sem ég verð var við að samskipti og framkoma við leigutaka sé sérstakt úrlausnarefni,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Félagsbústaða, um tíðar kvartanir leigutaka sem borist hafa um framkomu starfsmanna fyrirtækisins. Hann segir að nú sé verið að leggja drög að því að fram fari þjónustukönnun meðal leigutaka til að stjórnin fái yfirlit um hversu almenn óánægjan er.

Haraldur Flosi segir að aðrar ábendingar hafi borist sem þarfnist sértækari yfirferðar. Stjórnin sé að hittast núna til að fara yfir slíkar ábendingar sem þarfnist vandaðrar og skilvirkrar yfirferðar. Hann segir stjórn Félagsbústaða funda daglega þessa dagana enda margt sem mæði á, en tilkynnt var um helgina að framkvæmdastjóri félagsins myndi hætta störfum eftir að ljóst varð að endurbætur á leiguhúsnæði í Breiðholti fóru hundruð milljóna fram úr kostnaðaráætlun.

„Það gengur mjög illa að fá hlustun um þessi mál og mér finnst ég ganga alls staðar á veggi,“ segir Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi um úttekt sem hún hefur óskað eftir að fram fari á starfsemi Félagsbústaða, þar á meðal um viðmót starfsmanna félagsins gagnvart leigjendum. Hún segir fólk hafa samband við sig reglulega þar sem íbúar hjá Félagsbústöðum kvarti undan starfsmönnum og stjórnsýslu fyrirtækisins. Hún hefur farið yfir þessar kvartanir með stjórnarformanni Félagsbústaða.



**Kolbrún Baldursdóttir borgarfulltrúi.**

Fréttablaðið hefur rætt við nokkra leigjendur Félagsbústaða að undanförnu sem lýst hafa viðmóti starfsmanna fyrirtækisins. Kvartanir lúta meðal annars að því að fólk upplifi að fylgst sé með því og einkalíf þess sé ekki virt.

„Þegar þetta byrjaði hjá mér sat ég reyndar við dánarbeð pabba og þá fékk ég bara símtal frá Birgi Ottóssyni [forstöðumanni Þjónustu- og samskiptasviðs] sem segist hafa verið að kíkja á gluggana heima hjá mér og ég þyrfti bara að koma og hitta hann heima,“ segir Guðlaugur Pálmason, sem áður hefur stigið fram í fjölmiðlum og lýst reynslu sinni af Félagsbústöðum. Hann segir viðkomandi starfsmann einnig hafa falsað pappíra og til dæmis mætt á heimili hans með útburðartilkynningu og ætlast til að hann undirritaði hana en vottar höfðu þegar ritað nafn sitt á blaðið og vottuðu þannig undirskrift sem ekki var komin á blaðið.

> **Þá fékk ég bara símtal frá Birgi Ottóssyni sem segist hafa verið að kíkja á gluggana heima hjá mér.**
>
> Guðlaugur Pálmasson leigutaki

Umboðsmaður Alþingis hóf frumkvæðisathugun á málefnum Félagsbústaða árið 2009 og var þeirri athugun ekki lokið fyrr en árið 2016. Athugunin beindist einkum að breytingum sem gera þyrfti til að tryggja réttindavernd leigutaka og skyldu Félagsbústaða til að gæta að skráðum og óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins meðal annars við uppsögn og riftun leigusamninga.

Í áliti umboðsmanns kemur einnig fram að hann hafi fengið athugasemdir frá leigjendum um framgöngu starfsmanna Félagsbústaða hf. í garð leigutaka. „Gripið hafi verið til aðgerða eins og að tilkynna um meint brot á húsreglum eða slæma umgengni án þess að rætt hafi verið við leigutaka eða skýringa leitað hjá þeim. Jafnframt hafa athugasemdir beinst að því að húsmunir leigutaka hafi verið fjarlægðir af starfsmönnum Félagsbústaða hf. úr leiguíbúðum án þess að haft hafi verið samband við leigutaka.“ **adalheidur@frettabladid.is**






ENNEMM / SÍA / NM89842

**Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna** fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 Comfort - verð frá 2.140.000 kr.**

HYUNDAI

Comfort útgáfa - Upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar /rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

# Leggja til breytingar á lögum um tjáningar- og upplýsingafrelsi

**STJÓRNSÝSLA** Refsingar vegna ærumeiðinga verða afnumdar sem og ómerking ummæla sem úrræði vegna ærumeiðinga gangi tillögur nefndar um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis eftir. Þess í stað komi inn í löggjöfina einkaréttarleg úrræði til að bregðast við ærumeiðingum.

Nefndin kynnti í gær fimm lagafrumvörp á þessu sviði sem eru byggð á vinnu stýrihóps sem skipaður var á grundvelli ályktunar Alþingis árið 2010. Lagðar eru til breytingar á almennum hegningarlögum þannig að þrengt verði að ákvæði um hatursorðræðu. Tjáningarfrelsi verði rýmkað með því að gera kröfur um nánar tiltekinn alvarleika svo tjáning varði refsingu sem hatursorðræða.

**» Nefndin undirbýr lagafrumvarp um vernd uppljóstrara sem á að taka mið af ábendingum alþjóðastofnana.**

Einnig eru lagðar til breytingar á stjórnsýslulögum þess efnis að reglur um tjáningarfrelsi og þagnarskyldu opinberra starfsmanna verði skýrari. Lögð er til sú meginregla að opinberir starfsmenn njóti tjáningarfrelsis sem verði einungis takmarkað þegar þörf krefur og þá samkvæmt skýrum og fyrirsjáanlegum lagaákvæðum.

Þá er meðal tillagna nefndarinnar að finna lagabreytingar sem takmarka ábyrgð hýsingaraðila og skyldu þeirra til að taka niður gögn. Til þurfi að koma bein vitneskja um ólöglega starfsemi eða upplýsingar en ekki sé nóg að tilkynning berist um meint brot á ákvæðum höfundaréttarlaga.

Síðasta frumvarpið snýr að því að skyldubundin gagnageymd fjarskiptafyrirtækja verði afnumin og að skilyrði fyrir aðgangi lögreglu og ákærenda að gögnum fjarskiptafyrirtækja verði hert. Nefndin undirbýr einnig lagafrumvarp um vernd uppljóstrara sem á að taka mið af ábendingum alþjóðastofnana og fordæmum hjá nágrannaríkjum. – **sar**



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

## Krefjast 125 þúsund króna hækkunar

**KJARAMÁL** Trúnaðarráð VR samþykkti í gærkvöldi kröfugerð fyrir komandi kjaraviðræður. Í kröfugerðinni kemur fram að félagið vilji að hlutur þeirra lægst launuðu verði réttur og að ráðstöfunartekjur allra félagsmanna VR verði auknar.

„Það sé því mikilvægt að bregðast við því misræmi sem sjá má í launaþróun þeirra hæst launuðu í þjóðfélaginu sem má meðal annars rekja til ákvörðunar kjararáðs árið 2016. VR telur mikilvægt að taka sérstakt tillit til stöðu þeirra sem hafa lægstu launin og leggur því til að samið verði um krónutöluhækkun,“ segir í tilkynningu frá VR.

**» VR, líkt og fleiri stéttarfélög, vill að lágmarkslaun verði 425 þúsund krónur árið 2021**

Þess er jafnframt krafist að öll laun hækki um 42.000 1. janúar næstkomandi, 42.000 til viðbótar ári síðar og svo 41.000 árið 2021, þannig að lágmarkslaun verði orðin 425.000 krónur.

VR gerir jafnframt kröfu um að vinnuvikan verði stytt í 35 stundir hjá skrifstofu- og verslunarfólki án launaskerðingar, um átak í húsnæðismálum og stofnun óhagnaðardrifins húsnæðisfélags með fjármögnun tryggða í kjarasamningi og um að stjórnvöld komi að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. – **þea**

# Eldri líklegri til að benda á Dag en þau yngstu á embættismenn

**Karlar eru líklegri til að setja Braggamálið á reikning borgarstjóra. Konur benda frekar á meirihlutann. Yngstu kjósendurnir ólíklegastir til að benda á Dag B.**

**REYKJAVÍK** Um þriðjungur borgarbúa er á því að ábyrgðin á framúrkeyrslu á kostnaði við endurbætur og viðbyggingar braggans í Nauthólsvík sé Dags B. Eggertssonar borgarstjóra. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið og frettabladid.is.

Umræddur braggi er fyrir löngu orðinn sá frægasti, og dýrasti, í sögu Íslands. Í upphafi var áætlað að kostnaður við endurbætur og viðbyggingar myndi verða í kringum 150 milljónir króna en þegar þetta er ritað slagar hann í að vera hátt í þrefalt dýrari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Flestir eru sammála um að framúrkeyrslan sé hin alvarlegasta en menn greinir á um hvort, og þá hver, skuli sæta ábyrgð vegna málsins.

Hópar þeirra sem telja ábyrgðina vera meirihlutans annars vegar eða embættismanna borgarinnar hins vegar eru nánast jafn stórir en hvor um sig er um 26,5 prósent. Um níu prósent telja að hönnuðir og arkitektar beri ábyrgðina á framúrkeyrslunni og rúm fimm prósent telja hana annarra. Í framangreindum tölum hafa þau sem kusu að gefa ekki upp afstöðu sína verið tekin út fyrir sviga en það var tilfellið hjá tæplega fimmtungi svarenda.

Áhugavert er að skoða afstöðu kynjanna við spurningunni. Karlar eru líklegri til að telja að ábyrgðin sé Dags heldur en konur eða 36 prósent á móti 29 prósentum. 32 prósent



### Skipting svara eftir aldri borgarbúa

Um net- og símakönnun var að ræða. Úrtakið var 1.450 borgarbúar 18 ára og eldri og svarhlutfall 54 prósent. Gögnin voru vigtuð eftir kyni og aldri.




### Hver telur þú að eigi að axla ábyrgð í Braggamáli?




kvenna töldu aftur á móti að ábyrgðin væri meirihlutans samanborið við 22 prósent karla. Áþekkt hlutfall kynjanna, um fjórðungur, taldi að embættismenn ættu að sæta ábyrgð.

Þá er einnig athyglisvert að skoða skiptinguna eftir aldri. Þeir sem eldri eru voru frekar á því að ábyrgðin væri Dags eða tæplega helmingur svarenda 55 ára og eldri. Sami hópur var einnig ólíklegastur til að benda á meirihlutann í borginni. Sé litið til yngstu kjósenda borgarinnar voru sextán prósent á því að borgarstjóri ætti að sæta ábyrgð en 41 prósent taldi að skella ætti skuldinni á embættismenn.

Samtímis voru kjósendur einnig spurðir um hvaða flokk þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga nú. Ríflega þriðjungur svarenda var óviss um hvaða flokk þeir myndu kjósa. Nokkrar sveiflur voru hjá meirihlutaflokkunum þar sem Píratar og Vinstri græn bættu við sig fylgi meðan Samfylkingin tapaði fylgi. Flestir minnihlutaflokkarnir héldu í horfinu að Sósíalistum undanskildum. Fjöldi borgarfulltrúa minnihlutaflokkanna breytist ekki miðað við kosningarnar í vor.

Athyglisvert er að skoða fylgi flokkanna eftir aldurshópum. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur langmestrar hylli hjá þeim sem eru á bilinu 45-54 ára en tæplega 45 prósent þeirra styðja flokkinn. Yngstu kjósendurnir, 18-24 ára, eru flestir á bandi Samfylkingarinnar eða um þriðjungur. Fjórðungur þeirra kysi Sjálfstæðisflokkinn og um fimmtungur Viðreisn. Eldri borgarar borgarinnar kusu flestir Sjálfstæðisflokkinn, tæp 37 prósent, en Samfylkingin og Flokkur fólksins fylgja í kjölfarið. Áhugavert er að fimmtán prósent 65 ára og eldri myndu kjósa Flokk fólksins en flokkurinn kemst varla á blað hjá öðrum aldurshópum.

**joli@frettabladid.is**




# Gerðu rassíu saman vegna Khashoggi

**SÁDI-ARABÍA** Hópur rannsakenda fór í gær inn í ræðismannsskrifstofu Sádi-Araba í tyrknesku borginni Istanbúl. Yfirvöld í Tyrklandi sögðu að um væri að ræða sameiginlega rannsókn vegna máls sádiarabíska blaðamannsins Jamal Khashoggi, sem hvarf eftir að hafa farið inn á skrifstofuna fyrir um hálfum mánuði. Ekki lá fyrir hver afraksturinn var þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Tyrkneskir embættismenn hafa áður sagst óttast að sveit leigumorðingja á vegum Sádi-Araba hafi komið til landsins, myrt og sundurlimað Khashoggi en blaðamaðurinn hafði gagnrýnt sádiarabíska krónprinsinn Mohammed bin Salman harðlega, meðal annars í skoðanagrein í The Washington Post. Þessum ásökunum hafa Sádi-Arabar ítrekað hafnað en ekki lagt fram nein sönnunargögn fyrir því að Khashoggi hafi yfirgefið ræðismannsskrifstofuna.




Tyrkneskir lögreglumenn við ræðismannsskrifstofuna í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ræddi við Salman, konung Sádi-Arabíu, í gær. Eftir samræðurnar greindi Trump frá því að Salman segðist ekkert vita um afdrif Khashoggi. Bætti hann því þó við að ráðist yrði í refsiaðgerðir ef sannað verður að Sádi-Arabar beri ábyrgð á hvarfinu.

Sádi-Aröbum hefur áður verið hótað aðgerðum vegna málsins. Þeir sögðu á sunnudag að ef þeim yrði refsað myndi ríkið svara með enn meiri refsiaðgerðum, sádiarabíska hagkerfið væri mikilvægt í alþjóðlegu samhengi. – **þea**

Way of Life!

# SUZUKI 4X4

## ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR




Swift 4x4 — Verð kr. **2.720.000**




Jimny 4x4 — Verð frá kr. **3.455.000***

*Áætlað verð



S-Cross 4x4 — Verð frá kr. **4.190.000**




Ignis 4x4 — Verð frá kr. **2.590.000**




Vitara S 4x4 — Verð frá kr. **4.640.000**




Vitara 4x4 — Verð frá kr. **4.390.000**

ALLGRIP PRO

4WD All-grip skapar akstursegininleika í sérflokki.

Suzuki er áreiðanlegasti bíllinn samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar breska bílaritsins „What Car?“.

## SUZUKI 4X4 FJÖLSKYLDAN

Fjölbreytt úrval af fjórhjóladrifsbílum í öllum stærðum og við allra hæfi.
Suzuki 4x4 fyrir veturinn og öryggið.

**KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ**

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Kannabis löglegt í Kanada á morgun

Aldarlöng bannstefna líður undir lok. Forsætisráðherrann hefur staðið við kosningaloforð sitt. Kanada annað ríki heims til að lögleiða kannabisefni í afþreyingarskyni. Ítarlegar reglur gilda þó um neyslu, kaup, vörslu og ræktun kannabiss, þó mismunandi eftir fylkjum.

**KANADA** Á morgun verður Kanada annað ríkið í heiminum til þess að lögleiða kannabisneyslu í afþreyingarskyni um allt land, að öllu leyti. Fetar Norður-Ameríkuríkið þannig í fótspor Úrúgvæ þar sem neysla kannabisefna í lækninga- og afþreyingarskyni sem og ræktun kannabiss til einkanota hefur verið lögleg frá árinu 2013. Kannabis er nú þegar löglegt í lækningaskyni í Kanada en neysla, kaup og sala í afþreyingarskyni og ræktun verður lögleg á morgun.

„Þetta verður merkilegur dagur í sögu Kanada. Við munum horfa aftur til hans með stolti,“ hafði The New York Times eftir Hilary Black, einum helsta talsmanni Kanadamanna fyrir lögleiðingu kannabisefna og starfsmanni kanadíska fyrirtækisins Canopy Growth Corporation.

Kannabislögin svokölluðu voru samþykkt í öldungadeild kanadíska þingsins þann 20. júní síðastliðinn með 52 atkvæðum gegn 29. Frumvarpið fór reyndar oft í gegnum þingið enda tók það reglulega breytingum. „Of lengi hefur verið of auðvelt fyrir börnin okkar að nálgast kannabis og fyrir glæpamenn að hagnast á braski með það. Í dag höfum við breytt því. Áform okkar um að lögleiða og regluvæða verslun með kannabis komst rétt í þessu í gegnum öldungadeildina. #staðiðviðloforð,“ tísti forsætisráðherrann Justin Trudeau í júní en lögleiðing var eitt kosningaloforða hans.

The New York Times er einn þeirra miðla sem hafa fjallað ítarlega um kanadísku kannabislögin undanfarna daga. Í umfjöllun um helgina kom fram að þótt kannabis væri ekki enn orðið löglegt hefðu 42,5 prósent Kanadamanna prófað að neyta kannabisefna. Þar af 16 prósent undanfarna þrjá mánuði.

Sami miðill ræddi við Geraint Osborne, félagsfræðiprófessor við Háskólann í Alberta, sem hefur rannsakað kannabisneyslu í þrettán ár. „Ég býst ekki við því að við munum horfa upp á stórauknа kannabisneyslu vegna löggjafarinnar nema ef til vill á fyrstu dögunum eða vikunum þar sem þetta er nýtt fyrir mörgum,“ sagði Osborne.



Jason Gagne hlúir að plöntum ræktandans Up í Ontario. Þær má selja frá og með morgundeginum. NORDICPHOTOS/AFP

> **Of lengi hefur verið of auðvelt fyrir börnin okkar að nálgast kannabis og fyrir glæpamenn að hagnast á braski með það.**
>
> Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada



En þótt kannabis verði löglegt í Kanada á morgun, og nærri aldargömul bannstefna líði undir lok, munu þó umfangsmiklar reglur gilda um sölu, vörslu og neyslu, að því er CBC greinir frá. Regluverkið er mismunandi eftir fylkjum. Sums staðar mun hið opinbera sjá um sölu, annars staðar einkaaðilar. Til að mynda er eingöngu búið að koma upp einni opinberri verslun í Bresku-Kólumbíu og sala í Nunavut mun fara fram í gegnum síma. Mismunandi er eftir fylkjum hvort kaupendur þurfi að vera orðnir átján eða nítján ára. Hvergi nema í Quebec má svo eiga meira en 30 grömm en þar má eiga 150 grömm. Hins vegar má eiga ótakmarkað magn í New Brunswick, en einungis 30 grömm mega fara út úr húsi í senn. Takmarkanir eru sömuleiðis settar við neyslustaði.

Andrew Hathaway, prófessor í félagsfræði við Guelph-háskóla, sagði við The New York Times að hinar nýju reglugerðir væru innleiddar sérstaklega til að draga úr kannabisneyslu, ekki hvetja til hennar. „Sumir tala um þessar reglur sem aðra útgáfu bannstefnunnar. Þessar reglugerðir hafa í för með sér aukið eftirlit.“

Búast má við því að ýmsir muni hagnast á lögleiðingu kannabisefna í Kanada. Fyrst ber að sjálfsögðu að nefna ræktendur en samkvæmt umfjöllun BBC í gær er einnig búist við því að lögfræðingar, ferðaþjónustuaðilar, matvælaiðnaðurinn og jafnvel fasteignasalar sjái gróðatækifæri í nýju löggjöfinni.

thorgnyr@frettabladid.is

## Í átt að lögleiðingu

Lögleiðing kannabisefna einskorðast ekki við Kanada og Úrúgvæ. Í Georgíu og Suður-Afríku er til að mynda löglegt að eiga og neyta kannabisefna en ekki selja þau. Þá er víða litið fram hjá neyslu og sölu efna, til að mynda í Hollandi. Kannabis er svo með öllu löglegt í níu ríkjum Bandaríkjanna, til dæmis í Kaliforníu, Washington og Nevada. Neysla kannabisefna er aukinheldur lögleg en lyfseðilsskyld í tugum ríkja og þá hefur hún verið afglæpavædd víða.

Pawel Bartoszek, þá þingmaður Viðreisnar en nú borgarfulltrúi, lagði fram frumvarp um að setja reglur um framleiðslu, sölu og meðferð kannabisefna og að leyfa neyslu í september á síðasta ári. Ekkert varð þó úr lögleiðingu þá.






brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000
Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16
ford.is




## ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

- Heilslátur 3 stk — 3.899 kr/pk
- Heilslátur 5 stk — 5.899 kr/pk
- Heilslátur 3 stk án blóðs — 3.699 kr/pk
- Heilslátur án blóðs 5 stk — 5.699 kr/pk
- Frosið heilslátur 3 stk — 3.899 kr/pk
- Frosið heilslátur 5 stk — 5.999 kr/pk
- Frosið heilslátur 3 stk með próteinkeppum og mör — 4.599 kr/pk
- Eistu — 629 kr/kg
- Dilkanýru — 429 kr/kg
- Dilkalifur — 399 kr/kg
- Dilkahjörtu — 599 kr/kg
- Þindar — 449 kr/kg
- Blóð — 219 kr/lítri
- Próteinkeppir 10 stk — 1.349 kr/pk
- Mör — 179 kr/kg
- Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg — 259 kr/kg
- Sviðahausar — 629 kr/kg
- Kalóneraðar vambir 3 stk — 1.299 kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

# Skynsemi



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Hin raunverulegu tíðindi sem bárust úr Hæstarétti í síðustu viku, í máli íslenska ríkisins gegn Frjálsum kjötvörum, eru ekki þau að hið opinbera hafi á ný orðið uppvíst að því að brjóta gegn ákvæðum EES-samningsins um bann við innflutningi á fersku kjöti frá Evrópska efnahagssvæðinu. Hin raunverulegu tíðindi eru fólgin í vilja ríkisins til að eyða tíma, orku og peningum í tapað mál. Augljóst var hver niðurstaðan yrði, sérstaklega í ljósi dóms EFTA-dómstólsins frá því í nóvember á síðasta ári þar sem bannið var sagt á skjön við samninginn.

Andstæðingar innflutnings á hráu kjöti og öðrum búvörum hafa farið fram með gífuryrðum og oft misvísandi fullyrðingum um að afnám bannsins muni hafa bein og afgerandi áhrif á lýðheilsu á Íslandi. Íslensku búfjárkynin muni hverfa af sjónarsviðinu og heilsu Íslendinga muni hraka hratt með auknu flæði smitefna til landsins. Í þessari afbökuðu orðræðu er sannleikskorn að finna. Óheftur innflutningur búvöru getur haft neikvæð áhrif með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika og útbreiðslu sýklalyfjaónæmis og matarborinna sjúkdóma. Fjórar vel unnar skýrslur, gerðar að beiðni yfirvalda, undirstrika þessa áhættu.

Óheftur innflutningur er hins vegar ekki það sem er til umræðu, að minnsta kosti ekki í því samhengi sem andstæðingar innflutnings hafa kosið að heyja baráttu sína. Í skýrslum ríkisins er eftirlits-, tilkynningar- og vöktunarkerfi ESB gefinn lítill gaumur. Vörurnar sem um ræðir lúta sama eftirliti og allar íslenskar búvörur. Sé innflutningurinn í samræmi við reglur eftirlitskerfisins er hægt að lágmarka hættu á útbreiðslu smitefna og þannig gera neikvæð áhrif á heilsu manna og dýra óveruleg. Frjálst flæði búvara til og frá Noregi hefur gengið vel, og lítið hefur borið á áföllum í norskri lýðheilsu eða dýraheilbrigði.

Einnig ber að hafa í huga að kjöt hefur verið flutt til landsins í stórum stíl undanfarin ár, um leið og skortur er á vísindalegum gögnum um kosti 30 daga frystiskyldu. Vísbendingar eru um að sá tími dugi ekki til að koma í veg fyrir að sýktar vörur rati á markað. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt fram á að frysting matvæla er heldur gagnslaus aðferð, þó svo að frysting dragi sannarlega úr fjölda kamfýlóbaktera í matvælunum.

Áhyggjur af áhrifum innflutnings á matvælum eru eðlilegar og um fram allt nauðsynlegar, þá sérstaklega með tilliti til sýklalyfjaónæmis. Því er það ólíkindum að íslensk yfirvöld hafi ekki nú þegar hafið undirbúning að breyttu og lögmætu fyrirkomulagi innflutningsins. Það vill nefnilega svo til að velferð neytenda og hagstæðara umhverfi þeirra eru ekki andstæðir pólar, heldur fara þessar tvær áherslur ágætlega saman.

Hins vegar eru önnur og öflugri rök fyrir því að standa ekki í slíkum innflutningi. Rekja má um einn fimmta af heimslosun gróðurhúsalofttegunda til ræktunar búpenings. Að neytendur taki skynsamlegri og umhverfisvænni ákvarðanir um mataræði sitt er eitt af lykilatriðum þegar baráttan við loftslagsbreytingar er annars vegar. Í þessu samhengi er viljinn til að standa í stórfelldum innflutningi á kjöti fjarstæðukennd hugmynd og algjörlega úr takti við það verkefni sem heimsbyggðin öll stendur frammi fyrir. Það er á þessu sviði sem yfirvöld ættu að eyða tíma sínum, orku og peningum, en ekki í þras fyrir dómstólum.

**Rekja má einn fimmta af heimslosun gróðurhúsalofttegunda til ræktunar búpenings.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Möbelfaktísk gagnrýni**

**Eftir blússandi uppgang í ferðaþjónustu á liðnum árum hefur hagsmunagæslukór ferðaþjónustunnar verið býsna kvartsár eftir að samdráttur gerði vart við sig. Nokkur taugaveiklun greip um sig þegar Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, vandaði hressilega um fyrir ákófustu gullgröfurunum um helgina. Fréttablaðið.is gerði á laugardag skilmerkilega grein fyrir vandlega samanskrúfaðri gagnrýni IKEA-mannsins. Eins og við var að búast var Þórarni mótmælt kröftuglega úr herbúðum ferðaþjónustunnar. Hann brást snarlega við með aðsendri grein á vef Fréttablaðsins síðdegis í gær og slengdi þar fram reikningsdæmi sem virkar svo traust að það gæti hafa staðist hina rómuðu Möbelfakta-álagsprófun IKEA.**

**Grjótkast úr IKEA-húsi**

**„Málið er einfalt. Á meðan menn leyfa sér að rukka 5 dollara fyrir kaffibolla og 11 dollara fyrir kökusneið, eða 30 dollara fyrir hamborgara, þá ofbýður ferðamönnum, jafnt innlendum sem erlendum. Menn einfaldlega sleppa því að fá sér að borða og á endanum tapar veitingamaðurinn,“ skrifaði Þórarinn. Óneitanlega styrkir það málstað Þórarins að í IKEA selur hann sænska jólaskinku á 1.295 (11$) og rauðvínsglasið á eitthvað í kringum 500 krónurnar eða 4,3 dollara.** thorarinn@frettabladid.is

# Þungir fasteignaskattar



Eyþór Arnalds
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að taka til sín 18,6 milljarða í fasteignaskatta á þessu ári. Það er 6,1 milljarði meira en innheimt var árið 2014. Á einu kjörtímabili hækka skatttekjur borgarinnar af fasteignum fólksins í borginni um heil 38%. Þetta eru miklar hækkanir. Fasteignaskattar leggjast á eignir fólks hvort sem þær gefa af sér tekjur eða ekki. Þeir leggjast jafn þungt á skuldlausa fasteign og fasteign sem er mjög skuldsett. Það má því segja að þetta sé hvorki tekjuskattur né skattur á hreina eign. En hann getur verið verulega íþyngjandi fyrir heimili og fyrirtæki.

Sumir geta ýtt gjaldinu yfir á aðra eins og leigufyrirtæki sem hækkar leigu vegna hækkandi fasteignaskatta. Þannig valda háir fasteignaskattar í Reykjavík hærra leiguverði á íbúðum og atvinnuhúsnæði. Á síðustu fjórum árum hefur verðlag hækkað um 7,5%, en frá 2014 hafa skatttekjur af fasteignum hækkað fimm sinnum meira. Það er einfaldlega of mikið.

Sjálfstæðisflokkurinn vill leiðrétta þá miklu skekkju sem orðin er í skattheimtunni. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er í hámarki í borginni þó mörg nágrannasveitarfélögin hafi lækkað sína skattprósentu. Þá liggur fyrir að fasteignamat mun hækka langt umfram spár á næsta ári og gera þetta enn þyngra. Það er því kominn tími á að leiðrétta samkeppnisstöðu fyrirtækja í borginni og stíga fyrsta skrefið í að lækka álögurnar. Hóflegt fyrsta skref er að lækka skattprósentuna úr 1,65% í 1,6%. Það leggjum við til núna í borgarstjórn. Þetta er mikilvægt skref að stíga, enda töluðu margir frambjóðendur í þessa veru fyrir kosningar.

Verslun í Reykjavík stendur í samkeppni við stórfyrirtæki á netinu og verslun í Garðabæ og Kópavogi. Reykjavík þarf að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í borginni í stað þess að missa þau eða hrekja þau burt. Þess ber að geta að höfuðborgin nýtur þess forskots að flestar stóru stofnanir ríkisins eru í borginni og borga henni fasteignaskatt eins og lög gera ráð fyrir. Einmitt þess vegna á borgin að vera í góðum færum til að leiðrétta oftekna skatta á atvinnulífið og sýna lit. Ekki bara í orði, eða með kosningaloforði. Heldur í verki núna.

**Á einu kjörtímabili hækka skatttekjur borgarinnar af fasteignum fólksins í borginni um heil 38%.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Áfram, krakkar



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Lög um stofnun embættis umboðsmanns barna voru samþykkt á Alþingi árið 1994 og embættið tók til starfa ári síðar. Þá höfðu reyndar liðið átta ár frá því að fyrst hafði verið lagt fram frumvarp þess efnis en það gerði Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og þáverandi þingmaður.

Guðrún Helgadóttir hefur alla tíð verið talskona þess að börn séu hugsandi fólk og að það eigi að ræða við þau og skrifa fyrir þau í þeim anda. Þegar Guðrún fór að skrifa bækur fyrir íslensk börn var það nýlunda í íslenskum barnabókmenntum að þær væru skrifaðar frá sjónarhóli barna. Í þá daga var sú hugsun að börn ættu að hafa áhrif bæði á líf sitt og í samfélaginu ekki mjög algeng en ein söguhetja Guðrúnar, Páll Vilhjálmsson, storkaði þessari hugsun þegar hann stofnaði Samtök krakka sem beittu sér fyrir ýmsum þjóðþrifamálum. Óhætt er að segja að þessi saga hafi haft áhrif á pólitískar hugsjónir mínar æ síðan.

Það er nefnilega svo að börn eiga að hafa um það að segja hvernig samfélagið er. Börn hafa rétt á að láta skoðanir sínar í ljós um samfélagsleg málefni og við eigum að hlusta eftir þeim. Við eigum að leita leiða til að auka áhrif barna í samfélaginu.

**Börn hafa rétt á að láta skoðanir sínar í ljós um samfélagsleg málefni og við eigum að hlusta eftir þeim. Við eigum að leita leiða til að auka áhrif barna í samfélaginu.**

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hér á landi árið 2013. Honum fylgdi sú hugarfarsbreyting að mikilvægt væri að hlustað væri eftir sjónarmiðum barna í öllum þeim málum sem vörðuðu þau. Í því tilliti er umboðsmaður barna sérstaklega mikilvægur þar sem börn eru ekki pólitískur þrýstihópur og því mikilvægt að umboðsmaður hlusti eftir röddum barna og komi sjónarmiðum á framfæri.

Það er því sérstakt ánægjuefni að ég mun í dag mæla fyrir frumvarpi um endurskoðun laga um umboðsmann barna. Á meðal breytinga í frumvarpinu er að á tveggja ára fresti verði haldið sérstakt barnaþing sem verður umfjöllunarvettvangur um stöðu og hagsmuni barna og ungmenna hér á landi og í alþjóðlegu samhengi. Þar munu börn hvaðanæva af landinu koma saman og ræða þau mál sem þeim hugnast. Dagskrárvaldið verður þeirra og tryggt að sá fjölbreytti hópur barna sem komi saman hitti einnig fólk sem vinnur að málefnum barna, embættismenn, þingmenn og fleiri. Það er von mín að Barnaþing efli lýðræðismenntun og styrki rödd barna í samfélagslegri umræðu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að lögfestur verði sá ráðgjafahópur sem umboðsmaður barna hefur starfrækt að eigin frumkvæði undanfarin ár, en tólf börn á aldrinum 12-17 ára hafa verið í hópnum hverju sinni. Að lokum má nefna að lagt er til að umboðsmanni barna verði falið að safna gögnum um stöðu barna á Íslandi með markvissum hætti. Með þeim hætti tryggjum við heildstæða sýn á málefni barna og miðlæga öflun og miðlun gagna og upplýsinga um aðstæður barna. Slík gagnaöflun er nauðsynleg þegar kemur að því að móta stefnur er varða börn.

Málefni barna eru málaflokkur sem ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á. Í sumar samþykkti Alþingi lög um Barnamenningarsjóð sem tekur til starfa á næsta ári og á að tryggja þátttöku allra barna í sköpun og menningu. Markmiðið er að styrkja börn til virkrar þátttöku í menningarlífi, listsköpun, hönnun og nýsköpun og leggja þannig áherslu á sköpunarkraft barna og ungmenna sem verður lykilhæfni í þeim áskorunum sem blasa við okkur í fjórðu iðnbyltingunni. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem hafa það að markmiði að efla samfélagslega þátttöku barna innflytjenda og flóttafólks og barna sem búa við bágan efnahag.

Samfélög eru ekki síst mæld eftir því hvernig þau koma fram við börn og hvernig þau tryggja að öll börn fái tækifæri til að þroska hæfileika sína þannig að þau nái að dafna og fylgja draumum sínum eftir. Til þess þarf rödd barna að fá að heyrast og þeir sem eldri eru að vera reiðubúnir að hlusta.





Umhverfisdagur atvinnulífsins verður haldinn miðvikudaginn 17. október 2018 í Norðurljósum, Hörpu kl. 8.30-12.00

Allir eru velkomnir
**Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á sa.is**

SAMEIGINLEG DAGSKRÁ
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA
Sigsteinn Grétarsson, framkvæmdastjóri Arctic Green Energy
Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs og fyrrum yfirmaður við loftslagssamning S.þ.
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ

**Afhending umhverfisverðlauna atvinnulífsins 2018**
Ragna Sara Jónsdóttir, formaður dómnefndar og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands
Fundarstjóri: Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku

MÁLSTOFA UM ALÞJÓÐAVIÐSKIPTI OG LOFTSLAGSMÁL KL. 10.30-12.00
**Loftslagsvænt sérmerkt ál**
Guðrún Þóra Magnúsdóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá Rio Tinto á Íslandi
**Árangur sjávarútvegsins í loftslagsmálum**
Hildur Hauksdóttir, verkefnastjóri hjá HB Granda
**Stöðugar umbætur – sjálfbær ferðaþjónusta**
Guðrún Helga Heiðarsdóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð, Icelandair Group
**Ábyrgar fjárfestingar**
Brynjólfur Stefánsson, sérfræðingur hjá Íslandssjóðum
**Kolefnishlutlaus orku- og veitustarfsemi 2030**
Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður auðlinda, Orku náttúrunnar
Málstofustjóri: Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

MÁLSTOFA UM GRÆNAR LAUSNIR ATVINNULÍFSINS KL. 10.30-12.00
**Framtíð sorpförgunar**
Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og stofnandi Environice
**Vistvæn mannvirki**
Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Grænnar byggðar
**Kolefnisfótspor fyrirtækja**
Kristján Geir Gunnarsson, forstjóri Odda
**Er plastið á leið úr búðunum?**
Ingvar Freyr Ingvarsson, hagfræðingur SVÞ
**Endurnýjanlegt eldsneyti og sjálfbærar samgöngur**
Margrét Ormslev, fjármálastjóri CRI
Málstofustjóri: Rakel Garðarsdóttir, stofnandi Vakandi

SAF · Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi · SFF Samtök fjármálafyrirtækja · SI · SAMORKA · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA



Alfreð Finnbogason minnkaði muninn í 1-2 gegn Svisslendingum í gær með frábæru marki, hans fimmtánda fyrir íslenska landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Einbeitingarleysi, tap og fall

**Ísland laut í lægra haldi fyrir Sviss, 1-2, Þjóðadeildinni á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Glæsilegt mark Alfreðs Finnbogasonar dugði skammt. Ísland er án stiga eftir þrjá leiki í Þjóðadeildinni og fallið í B-deild.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er fallið í B-deild Þjóðadeildar UEFA eftir 2-1 tap gegn Sviss á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Eftir jafnan fyrri hálfleik þar sem hvorugt liðið náði að brjóta ísinn náðu Svisslendingar að komast tveimur mörkum yfir í upphafi síðari hálfleiks.

Svisslendingar voru mun sterkari aðilinn í framhaldinu og voru nálægt því að bæta þriðja markinu við. Íslenska liðið rankaði hins vegar við sér þegar um það bil stundarfjórðungur var eftir af leiknum. Alfreð Finnbogason vakti liðsfélaga sína hressilega þegar hann skoraði stórkostlegt mark þegar rúmar tíu mínútur voru eftir af leiknum.

Alfreð sem hefur verið sjóðheitur fyrir Augsburg undanfarið var þá með boltann rétt utan vítateigs, var ekkert að tvínóna við hlutina og þrumaði boltanum upp í samskeytin. Það er algjör synd að þetta stórglæsilega mark Alfreðs hafi ekki skilað stigum.

Leikmenn íslenska liðsins sóttu án afláts eftir að Alfreð skoraði og Gylfi Þór Sigurðsson og Birkir Bjarnason komust í fín skotfæri, en Yven Mvogo sem fékk tækifæri í svissneska markinu að þessu sinni varði allt sem á markið kom.

Ísland komst næst því að jafna metin þegar boltinn hrökk af Alfreð Finnbogasyni eftir fasta fyrirgjöf Gylfa Þórs skömmu fyrir leikslok, en Svisslendingar björguðu á línu. Niðurstaðan 2-1 tap og fall úr A-deild Þjóðadeildarinnar staðreynd. Frammistaðan í þessum leik var hins vegar mun betri en þegar liðin mættust í St. Gallen og margt jákvætt sem hægt er að taka úr leiknum.

Það var hins vegar einbeitingarskortur í varnarleik liðsins í tveimur tilfellum sem kostaði íslenska liðið stig að þessu sinni. Þegar leikið er við jafn sterkan andstæðing og Sviss þá er refsað fyrir slík mistök. Heilt yfir var frammistaðan góð, en slæmur kafli í upphafi síðar hálfleiks varð til þess að ekki fengust stig í þessum leik.

„Við byrjuðum leikinn ekki nógu vel, en við unnum okkur inn í leikinn og við fengum góð færi til þess að komast yfir í síðari hluta fyrri hálfleiks. Gylfi átti meðal annars gott skot sem var vel varið. Leikurinn hefði þróast á annan hátt ef við hefðum nýtt færin sem við fengum,“ sagði Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, á blaðamannafundi eftir leikinn.

„Þeir byrjuðu seinni hálfleikinn betur en við og náðu að setja fyrsta markið. Þetta var þannig leikur að fyrsta markið var alltaf að fara að skipta miklu máli. Þeir fengu orku við það að komast yfir og hömruðu járnið meðan það var heitt. Við náðum hins vegar að koma okkur aftur inn í leikinn og ég er stoltur af frammistöðunni hjá leikmönnum mínum. Við sköpuðum nógu mörg færi til þess að fá eitthvað út úr leiknum og ég finn til með leikmönnum yfir að það hafi ekki tekist,“ sagði hann um þróun leiksins.

„Það var alltaf vitað að þetta yrði mikil áskorun að leika við bestu þjóðir heims í A-deildinni. Ef við lítum raunhæft á stöðuna ættum við ekki að vera að leika við þessar þjóðir. Við viljum hins vegar ekki líta á það þannig og þarna viljum við vera. Það er því leiðinlegt að sú staða sé komin upp að við séum fallin niður í B-deild,“ sagði Hamrén enn fremur um stöðu mála hjá íslenska liðinu.

hjorvaro@frettabladid.is

## Þetta er allt í rétta átt



„Fyrra markið sem þeir skora verður til þess að við verðum að fara framar á völlinn og þá teygist svolítið á okkur. Þá þurftum við að taka svolítið meiri áhættu og þeir opna okkur,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson, fyrirliði Íslands, eftir tapið fyrir Sviss í gær.

Hafnfirðingurinn segir að frammistaðan í síðustu tveimur leikjum, gegn Frakklandi og Sviss, hafi verið ágæt.

„Við erum ekki að spila miklu betur í þessum leik en í leiknum úti gegn Sviss og það er margt jákvætt sem við getum tekið frá þessum leik. Þessi landsliðsgluggi var miklu betri en sá síðasti. Þetta er allt í rétta átt,“ sagði Gylfi.

„Það má ekki gleyma því að við erum að leika við mjög öfluga andstæðinga í síðustu leikjum og við höfum ekkert misst trúna þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki verið okkur í hag í undanförnum leikjum.“

**ÍSLAND 1-2 SVISS**

**0-1** Haris Seferovic (52.), **0-2** Michael Lang (67.),
**1-2** Alfreð Finnbogason (81.).

**Skot** (á mark): 14 (10)–10 (5). **Horn**: 6-4. **Rangstöður**: 2-3.

**Frammistaða Íslands (4-5-1)**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Hallórsson | 6 |
| Hólmar Örn Eyjólfsson | 5 |
| Kári Árnason | 5 |
| Ragnar Sigurðsson | 5 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 4 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 7 |
| Rúnar Már Sigurjónsson | 5 |
| (84. Albert Guðmundsson | -) |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 6 |
| Birkir Bjarnason | 6 |
| Arnór Ingvi Traustason | 4 |
| (68. Rúrik Gíslason | 5) |
| Alfreð Finnbogason | 7 |

**Maður leiksins:**
**Alfreð Finnbogason**



Kveikti vonarneistann þegar hann minnkaði muninn í 1-2 með stórglæsilegu marki níu mínútum fyrir leikslok. Fallegasta mark Alfreðs í íslenska landsliðsbúningnum. Framherjinn átti heilt yfir fínan leik og sýndi á köflum hvers hann er megnugur.

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Myndir úr leik Íslands og Sviss má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Haukar - ÍBV 29-20**

**Haukar:** Hekla Rún Ámundadóttir 6, Maria Pereira 4, Berta Rut Harðardóttir 4, Ramune Pekarskyte 4, Turið Arge Samuelsen 3, Ragnheiður Sverinsdóttir 2, Karen Helga Díönudóttir 2, Ragnheiður Ragnarsdóttir 1, Vilborg Pétursdóttir 1, Rakel Sigurðardóttir 1, Birta Lind Jóhannsdóttir 1.
**Varin skot:** Saga Sif Gísladóttir 8, Ástríður Glódís Gísladóttir 1.

**ÍBV:** Ester Óskarsdóttir 5, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 4, Sunna Jónsdóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 3, Greta Kavaliuskaite 2, Sandra Dís Sigurðardóttir 1, Kristrún Hlynsdóttir 1.
**Varin skot:** Andrea Gunnlaugsdóttir 10.

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 2**

**Ísland - Sviss 1-2**
0-1 Haris Seferovic (52.), 0-2 Michael Lang (67.), 1-2 Alfreð Finnbogason (81.).

**Staðan:** Sviss 6, Belgía 6, Ísland 0.

**Riðill 4**

**Spánn - England 2-3**
0-1 Raheem Sterling (16.), 0-2 Marcus Rashford (30), 0-3 Sterling (38.), 1-3 Paco Alcácer (58.), 2-3 Sergio Ramos (90+8.).

**Staðan:** Spánn 6, England 4, Króatía 1.

**B-deild**

**Riðill 3**

**Bosnía H. - N.-Írland 2-0**
1-0 Edin Dzeko (27.), 2-0 Dzeko (73.).

**Staðan:** Bosnía 9, Austurríki 3, N-Írland 0.

**C-deild**

**Riðill 2**

**Eistland - Ungverjaland 3-3**

**Finnland - Grikkland 2-0**

**Staðan:** Finnland 12, Grikkland 6, Ungverjaland 4, Eistland 1.

**D-deild**

**Riðill 2**

**Hvíta-Rússl. - Moldóva 0-0**

**Lúxemborg - San Marínó 3-0**

**Staðan:** Lúxemborg 9, Hvíta-Rússland 8, Moldóva 5, San Marínó 0.

## Án sigurs í ellefu leikjum í röð

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur leikið ellefu leiki í röð án þess að vinna. Íslendingar féllu úr A-deild Þjóðadeildarinnar þegar þeir töpuðu 1-2 fyrir Svisslendingum á Laugardalsvelli í gær.

Síðan Ísland tryggði sér sæti á HM í Rússlandi með sigri á Kósóvó, 2-0, fyrir ári hefur liðið leikið 15 leiki; unnið tvo, gert fjögur jafntefli og tapað níu leikjum. Sigrarnir komu gegn Indónesíu í byrjun þessa árs.

Frá leikjunum gegn Indónesíu hefur Ísland leikið ellefu leiki án sigurs. Í þessum ellefu leikjum hefur Ísland fengið á sig 29 mörk, eða 2,6 mörk að meðaltali í leik.

Það þarf að fara aftur til áranna 1977-80 til að finna jafn langa hrinu án sigurs hjá íslenska karlalandsliðinu. Þá lék það 17 leiki í röð án þess að vinna. – iþs



Jóhann Berg Guðmundsson og Gylfi Þór Sigurðsson gátu ekki leynt vonbrigðum sínum í gær enda tapaði íslenska liðið og féll þar með úr A-deild Þjóðadeildarinnar.

# Fallnir eftir enn eitt tapið

Ísland beið lægri hlut fyrir Sviss, 1-2, í riðli 2 í A-deild Þjóðadeildarinnar í gær. Úrslitin þýða að Íslendingar eru fallnir í B-deild keppninnar. Ísland hefur tapað öllum þremur leikjum sínum í Þjóðadeildinni með markatölunni 1-11. Alfreð Finnbogason skoraði fyrsta Þjóðadeildarmark Íslands með glæsilegu skoti. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á leiknum í gær og tók myndirnar hér á síðunni.









# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 16. OKTÓBER 2018



**Heilsa kvenna verður í brennidepli á ráðstefnu sem haldin verður á laugardaginn. Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnastjóri segir markmiðið að fræða og hvetja konur til að huga að eigin heilsu.** ➔4

EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM

GEFUR GÓÐA NÆRINGU OG MIKINN RAKA



Fæst í flestum apótekum og www.heilsanheim.is



MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Fann kraftinn minn aftur

Þegar Guðríður Erla Torfadóttir, Gurrý, hætti hjá Reebok í fyrra ákvað hún að gefa sér góðan tíma til að huga að eigin heilsu og vellíðan enda búin að vinna sig inn að beini í langan tíma. Hún fór til dæmis að taka bætiefni með markvissari hætti og ber Feel Iceland vörunum vel söguna. ➔2




Gurrý var áberandi sem einn af þjálfurunum í Biggest Loser Ísland. Hún er þrautreyndur einkaþjálfari og starfaði lengi sem framkvæmdastjóri Reebok fitness. Hún hefur nú söðlað um og starfar sem verkefnastjóri hjá Heilsuhúsinu. Gurrý tók sér góðan tíma til að endurskoða lífið eftir að hún hætti hjá Reebok. Meðal annars fór hún að taka bætiefni á markvissari hátt. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu** ➪

Gurrý er einn þekktasti einkaþjálfari á landinu en hún gerði garðinn frægan í þáttunum Biggest Loser Ísland. Það vakti því nokkra athygli þegar hún ákvað að hætta í Reebok fitness í lok síðasta árs þar sem hún starfaði meðal annars sem framkvæmdastjóri. „Ég ákvað að taka mér góðan tíma í að hugsa um sjálfa mig og hvað mig langaði að gera. Ég þurfti líka að jafna mig því ég hafði unnið allt of mikið í mörg ár. Við tók tími þar sem ég var að þjálfa, hvíla og hugsa vel um mig sem ég hafði ekki gert í allt of langan tíma,“ segir Gurrý sem byrjaði nú í sumar að vinna hjá Lyfju, sem verkefnastjóri fyrir Heilsuhúsið.

„Ég er lærður viðskiptafræðingur og fann hjá mér þörf til að fara út úr líkamsræktargeiranum og starfa meira á því sviði sem ég menntaði mig til.“ Hún segir nýju vinnuna mjög fjölbreytta og skemmtilega. „Starfsfólkið í Heilsuhúsinu býr yfir gríðarmikilli þekkingu og mig langar að draga hana meira upp á yfirborðið og kynna fyrir fólki. Við ætlum að fara markvisst að fræða fólk um streitu og hvaða bætiefni geti gagnast okkur bæði þegar við erum komin í kulnun og líka hver geta hjálpað til við að fyrirbyggja hana. Ég vildi að ég hefði vitað meira um bætiefni og hvað er til mikið af mögnuðum bætiefnum sem geta hjálpað okkur.“

*Varstu orðin þreytt á líkamsræktargeiranum?*

„Já, ég verð að viðurkenna það og því var kominn tími til að fara að gera eitthvað annað. Hvort sem það er til frambúðar eða ekki mun bara koma í ljós. Ég hef rosalega gaman af því að vinna með fólki, hvort sem það er í þjálfun eða öðru og vil hjálpa fólki að blómstra.“

## Andaði og svaf

Meðan Gurrý var að ákveða næstu skref hugaði hún vel að líkamlegri og andlegri heilsu sinni. „Á hverjum einasta degi fór ég í göngutúr, gerði öndunaræfingar og passaði mig á því að hvíla mig vel. Ég fór í sund, nudd og allt sem ég þurfti til að finna orkuna mína aftur. Ég svaf meira en ég hafði gert lengi og borðaði meira líka. Það var ótrúlegt hvað ég fann mikinn mun á mér eftir dálítinn tíma. Mánuð eftir mánuð fann ég hvernig ég fann sjálfa mig aftur og gamla kraftinn minn, en ég hafði týnt sjálfri mér dálítið í allri þessari vinnu líkt og margar íslenskar konur. Við keyrum okkur í kaf og finnum það kannski ekki fyrr en of seint. Í dag finn ég mikinn mun á mér enda sést það á mér, ég lít betur út og mér líður miklu betur.“

## Finnur mikinn mun á húð, hári og liðum

Gurrý hefur alltaf hugsað vel um mataræðið, borðað hreint fæði og pælt í skiptingu á orkuefnum. „Núna er ég farin að slaka meira á og passa mig á að borða reglulega. Ég er líka farin að taka bætiefni með markvissum hætti sem ég gerði ekki áður. Síðustu átta mánuði hef ég verið mjög dugleg að taka magnesíum, D-vítamín, fjölvítamín og olíur og er það orðið hluti af mínu mataræði.“

Hún fór einnig að taka inn Amino Marine Collagen frá Feel Iceland og segir það hafa breytt miklu fyrir sig. „Ég finn mun á húðinni og hárinu og mér finnst ég líta betur út núna en ég gerði fyrir tveimur árum. Feel Iceland eru hreinar vörur og íslenskar. Ég kynnti mér hvernig staðið væri að framleiðslu þeirra og fannst það rosalega flott. Ég er samt aðallega að taka þær af því þær virka,“ segir Gurrý sem einnig tekur Joint Rewind frá Feel Iceland. „Ég finn mikinn mun á liðamótunum hjá mér. Ég fæ stundum verki í fingurna og ef ég er að lyfta mikið finn ég til í hnjánum. Það dregur mjög úr verkjunum ef ég tek bætiefnið Joint Rewind og ég finn fyrir því ef ég gleymi að taka það í nokkra daga.“

## Meðvituð um umhverfið

Gurrý segist líka hrifin af því að umbúðirnar frá Feel Iceland séu úr áli en ekki plasti enda sé hún farin að huga mun meira að umhverfismálum. „Ég vil ekki bara hugsa vel um líkama minn heldur líka um náttúruna. Ég hef dregið úr plastnotkun og reyni að borða ekki vörur sem eru mengandi fyrir mig eða náttúruna. Ég er líka að að skipta yfir í náttúrulegar snyrtivörur og reyni að kaupa áfyllingar t.d. á þvottaefni.“

Gurrý verður fertug á næsta ári og er meðvituð um að hún sé að eldast. „Ég vil halda mér eins vel og ég get með náttúrulegum leiðum, og koma í veg fyrir hrukkur eins og hægt er. Meðal annars þess vegna fór ég að taka Collagenið og mér finnst það svínvirka. Hárið er miklu heilbrigðara og meiri ljómi í húðinni. Þetta er bætiefni sem ég kem til með að halda áfram að taka og mun ekki hvíla mig á því eins og ég geri með önnur bætiefni sem stundum eru tekin í skorpum. Eins og D-vítamín og fjölvítamín sem ég nota bara á veturna.“




## Jóga hefur bjargað mér

Gurrý hefur ekki sleppt alveg hendinni af þjálfun en hún er með fólk í fjarþjálfun á gurry.is líkt og hún hefur gert síðustu tvö til þrjú árin. „Ég vil ekki taka að mér meiri þjálfun og er það liður í því að minnka aðeins við mig.“ Sjálf æfir hún í líkamsræktaraðstöðu sem hún hefur komið upp heima hjá sér. „Ég lyfti fjórum sinnum í viku, fer í göngutúra og geri jóga, en mitt jóga snýst um teygjuæfingar og öndunaræfingar.

Fyrir mig er lykilatriði að geta kúplað mig út daglega og gera jóga og öndunaræfingar. Það hefur algerlega bjargað mér.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Meiri styrkur og heilbrigðari húð

Astaxanthin frá Algalíf er afar öflugt andoxunarefni sem er gott fyrir húðina og virkar vel á mörg kerfi líkamans. Það veitir vörn gegn geislun og stuðlar að heilbrigði augna, heila, hjarta, liða og vöðva.

Náttúrulegasta og hreinasta uppsppretta astaxanthins finnst í smáþörungum en þeir eru undirstaða næringar fyrir fjölmargar lífverur, sérstaklega í hafinu. Þetta andoxunarefni er einnig að finna í dýrum og plöntum sem hafa einkennandi rauðan (bleikan) lit, til dæmis laxi og ljósátu (krill). Astaxanthin verndar frumur gegn oxunarskemmdum og er sennilega með því besta sem við getum notað til að halda húðinni heilbrigðri ásamt því að vera afar mikilvægt fyrir fjölmörg líffæri og ferla í líkamanum.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## Húðin og sólin

Ysta lag yfirhúðar ver undirliggjandi lög hennar gagnvart ýmsum efnum, örverum og vatni. Dýpra í yfirhúðinni eru lifandi frumur sem skipta sér stöðugt til að endurnýja ysta lagið og er æviskeið hverrar frumu á bilinu 20-50 dagar. Í yfirhúðinni eru einnig frumur sem framleiða brúna litarefnið melanín þegar sólin skín á húðina en hlutverk þessa litarefnis er að verja kjarna (erfðaefni) húðfrumanna gagnvart útfjólubláum geislum sólarinnar. Bætiefnið astaxanthin getur dregið úr þeim skaða sem útfjólubláir geislar sólarinnar geta valdið húðinni (sólbruna) og ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina, blokkar astaxanthin ekki UV-geislana, þannig að það kemur ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum. Astaxanthin er því gríðarlega gott til að vernda húðina og hefur reynst þeim sem hafa mjög ljósa húð sérstaklega vel. Bæði ver það húðina betur gegn sólbruna og fólk tekur meiri lit en annars.

## Aukinn árangur í íþróttum

Astaxanthin dregur úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætir þol og styrk og stuðlar að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Það er því mjög gott fyrir íþróttafólk sem vill ná sem bestum árangri. Mikið af Astaxanthin er í vöðvum laxa og er það einmitt talið gefa laxinum þá orku sem hann þarf til að synda gegn straumnum. Astaxanthin virkar einnig vel fyrir fólk sem er komið með útbrunaeinkenni vegna vinnu eða álags.






Astaxanthin dregur úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætir þol og styrk og stuðlar að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Það er því mjög gott fyrir íþróttafólk sem vill ná sem bestum árangri.

## Hreint íslenskt astaxanthin

Astaxanthin er náttúrulegt karótínóíð sem finnst hvergi í eins ríkum mæli og í örþörungum sem kallast Haematococcus pluvialis. Algalíf er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á þessum örþörungum og vinnur úr þeim hágæða astaxanthin. Ræktun og framleiðsla fer fram í einangruðum ræktunarkerfum þar sem allir mengunarvaldar eru útilokaðir og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Endurnýtanleg orka er notuð við framleiðsluna og flokkast hún sem sjálfbær iðnaður.

## Dagleg inntaka

Astaxanthin er 550 sinnum öflugra andoxunarefni en E-vítamín og 6.000 sinnum áhrifaríkara en C-vítamín. Það tekur Astaxanthin 12-19 klukkustundir að hámarkast í blóði þínu og eftir það brotnar það niður á 3-6 klukkustundum. Þess vegna þarf að taka það inn daglega. Til þess að verja húðina gegn sólargeislum, áður en haldið er í gott sólarfrí, er gott að hefja inntöku nokkrum vikum áður. Astaxanthin er einnig gott fyrir augun/sjónhimnuna og hafa klínískar rannsóknir sýnt fram á að astaxanthin bætir augnheilsu sykursjúkra, dregur úr þreytu og álagi á augun og stuðlar að skýrari sjón. Það dregur einnig úr bólgum almennt og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar.

> Astaxanthin getur dregið úr þeim skaða sem útfjólubláir geislar sólarinnar geta valdið húðinni en það blokkar ekki UV-geislana og kemur þannig ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir

## Stærsta líffæri líkamans

Í fullorðinni manneskju er húðin u.þ.b. 2 fermetrar og vegur um 10 kíló sem er að meðaltali um 15% af líkamsmassanum. Þetta stærsta líffæri líkamans gegnir mikilvægum og sérhæfðum hlutverkum og því er nauðsynlegt að hugsa vel um hana og næra hana vel og hirða. Íslenskt og hreint astaxanthin sem framleitt er á sjálfbæran hátt hentar fullkomlega til að sinna því hlutverki.

**Sölustaðir:**
Fæst í Nettó, snyrtivörudeild Hagkaupa, Lyfjum & Heilsu, Apótekaranum og völdum apótekum.

GÓÐAR FRÉTTIR
FYRIR MELTINGUNA

Gall- og sýruþolnir mjólkursýrugerlar með asídófílus sem margfalda sig og ná góðri útbreiðslu í þörmunum




15
MILLJARÐAR
GÓÐGERLA

# Kyolic hvítlaukurinn – „fyrir hjartaheilsu“

**Kyolic fæðubótarefnið þekkja margir Íslendingar að góðu enda verið til á íslenskum markaði í áraraðir. Kyolic er í hæsta gæðaflokki og er vel þekktur lyktarlaus hvítlaukur.**

Kyolic fæðubótarefnin eru unnin úr lífrænum lyktarlausum hvítlauk og eru ein af mest rannsökuðu fæðubótarefnum sem fást.

### Hjartað

Hjartað dælir um 5 lítrum af blóði á hverri mínútu um líkama okkar, hjartað í fullorðnum manneskjum er á stærð við krepptan hnefa og má segja að sé hin fullkomna smíði sem mynduð er af kraftaverki einu. Þitt frábæra hjarta slær og slær, og lífið gengur sinn vanagang.

KYOLIC® Aged Garlic Extract™ inniheldur 100% lífrænan hvítlauk og býður upp á nokkrar vinsælar blöndur sem meðal annars styðja við og styrkja:

- Eðlilega starfsemi hjarta- og æðakerfisins
- Eðlileg kólesterólgildi
- Eðlilegan blóðsykur
- Ónæmiskerfið

### Lyktarlaus hvítlaukur með góð áhrif

Kyolic er framleiddur úr Aged Garlic Extract™ sem japanskir vísindamenn hafa þróað með ákveðinni tækni þar sem lífrænn hvítlaukur er geymdur í köldum loftþéttum stáltönkum í 18-20 mánuði, á þeim tíma umbreytist hvítlaukurinn. Brennisteinssambönd sem valda einkennandi lykt hvítlauks og ertingu magaslímhúðar hverfa á sama tíma og virkni hvítlauksins eykst. Það þýðir að Kyolic inniheldur mild, áhrifarík og stöðug brennisteinssambönd – virk efni sem líkaminn frásogar auðveldlega og nýtur góðs af.

Þökk sé miklum styrkleika, inniheldur hvert hylki af Kyolic jafn mikið af virkum efnum og þrír hvítlauksgeirar. Það er ástæðan fyrir því hversu stóra þýðingu Kyolic hefur fyrir hjarta- og æðakerfið ásamt ónæmiskerfinu. Það er einmitt þess vegna sem Kyolic er allt annað en hefðbundinn hvítlaukur.

**Kyolic fæst í flestum apótekum og heilsubúðum landsins**




Kyolic er framleitt af japanska fyrirtækinu Wakunaga, sem tryggir vörumerkinu gæði, frá jarðvegi til endanlegrar vöru (soil to shelf). Allt framleiðsluferli Kyolic er undir ströngu gæðaeftirliti til að tryggja öryggi og virkni í samræmi við alþjólega gæðastaðla GMP. Wakunaga hefur hlotið ISO 9001: 2008 gæðavottun.

### Eitt mest rannsakaða fæðubótarefnið

Hingað til hafa um 750 klínískar rannsóknir og vísindarannsóknir verið birtar um prófanir á innihaldsefnum og heilsubætandi eiginleikum Kyolic. Rannsóknir eru í gangi og nýjar rannsóknir birtast stöðugt. Nútíma framleiðslukerfi og nákvæmar gæðaprófanir skila neytendum gæðavörum.

Allt framleiðsluferli á Kyolic er undir ströngu gæðaeftirliti til að tryggja öryggi og virkni í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla GMP.

### Vinsælustu tegundirnar

Vinsælustu tegundirnar í Kyolic fjölskyldunni hafa hver um sig verið þróaðar með ákveðna virkni í huga.

» **Kyolic er 100% lífrænn og lyktarlaus og fer vel í maga.**

**Elskaðu hjarta þitt og fáðu þér Kyolic!**

- Kyolic Cardiovascular er hreinn hvítlaukur sem styður við og styrkir eðlilega starfsemi hjarta- og æðakerfisins og styður við ónæmiskerfið.
- Kyolic Lecithin inniheldur einnig lecithin, sem styður við eðlileg kólesterólgildi, heilbrigt hjarta- og æðakerfi og styður við ónæmiskerfið.
- Kyolic Curcumin. Curcumin er lykillinn í kryddinu túrmerik, Curcumin er andoxunarríkt bætiefni sem hefur lengi verið notað. Þetta er samverkandi blanda af 100% lífrænu hvítlauks-extract ásamt Meriva® Turmeric Complex sem er einkaleyfisblanda, hún saman stendur af curcumin og phosphatidylcholine (einn hluti lecithins), sem veitir hámarksupptöku og nýtingu næringarefna úr fæðunni.

# Heildræn sýn á heilsuna

**Heilsa kvenna verður í brennidepli á ráðstefnu sem haldin verður á laugardaginn. Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnastjóri segir markmiðið að fræða og hvetja konur til að huga að eigin heilsu.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Yfirskrift ráðstefnunnar er „Hver hugar að þinni heilsu kona góð?“ en athyglinni verður beint að heilsu kvenna. Markmiðið er að hvetja konur á öllum aldri til að huga vel að eigin heilsu, andlegri sem líkamlegri. Fjallað verður um hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu og fyrirbyggja heilsubrest og einnig hvernig hægt er að snúa við óheillavænlegri þróun með breytingum á lífsstíl,“ segir Gyða Dröfn Tryggvadóttir en frá því í vor hefur hún unnið að undirbúningi ráðstefnunnar.

„Við konur erum oft duglegar að hugsa um heilsu annarra í fjölskyldunni en við þurfum að muna eftir að setja súrefnisgrímuna fyrst á okkur sjálfar. Ef við höfum ekki heilsu eða orku til að sinna okkur sjálfum eigum við líka erfitt með að huga að þörfum annarra. Við þurfum í raun að byrja á að setja heilsu okkar sjálfra í fyrsta sæti,“ segir Gyða.

### Bandalag kvenna í Reykjavík í forsvari

Hugmyndin að ráðstefnunni kom fram snemma á þessu ári. Bandalag kvenna í Reykjavík stendur fyrir henni í samvinnu við Heilsuborg og SideKick Health og fékk til þess styrk frá velferðarráðuneytinu. „Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað árið 1917 og hefur það að leiðarljósi að stuðla að aukinni menntun kvenna, vinna að velferðarmálum og standa fyrir menningar- og fræðslustarfi. Þessi ráðstefna er liður í því,“ upplýsir Gyða.

Fyrirlesarar eru læknar, næringarfræðingur, sálfræðingur og lífsstílsbloggari. Aðalfyrirlesari verður Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir og einn eigenda Heilsuborgar. Hún ætlar að fjalla um hvernig hægt er að flétta heilsueflingu inn í dagsins önn, hvernig hægt er að viðhalda góðri heilsu og hvaða skref eru heillavænleg ef þörf er á breyttum lífsstíl.

„Síðan mun Tryggvi Þorgeirsson, læknir og framkvæmdastjóri Sidekick Health, m.a. ræða um hreyfingu og hvort það skipti máli að hreyfa sig úti í náttúrunni eða inni í tækjasal. Kristín Sigurðardóttir, bráða- og slysalæknir, mun fara yfir áhrif streitu á líf okkar. Streitan hefur fremur neikvæðan stimpil í huga margra en því má ekki gleyma að hún hefur líka jákvæða eiginleika. Kristín ætlar að útskýra þetta fyrir okkur á aðgengilegan hátt,“ segir Gyða.

Þá mun Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur hjá Heilsustofnun NLFÍ, fjalla um ástarfæði. „Hann ætlar að sýna okkur hvernig við getum valið mat sem nærir okkur, líka þegar við förum svöng út í búð að kaupa í matinn. Sigríður Björnsdóttir,



„Við konur erum oft duglegar að hugsa um heilsu annarra í fjölskyldunni en við þurfum að muna eftir að setja súrefnisgrímuna fyrst á okkur sjálfar. Við þurfum í raun að byrja á að setja heilsu okkar sjálfra í fyrsta sæti,“ segir Gyða Dröfn.

sálfræðingur og framkvæmdastjóri Blátt áfram, ætlar að segja okkur hvernig við getum notið lífsins þrátt fyrir erfiða fortíð. Enginn kemst áfallalaust í gegnum lífið en Sigríður fer yfir hvað við getum gert til að vinna úr áföllum og halda áfram með lífið. Sólveig Sigurðardóttir ætlar svo að enda ráðstefnuna en hún heldur úti vinsælli Facebook-síðu, Lífsstíll Sólveigar. Þar deilir hún eigin reynslu af því að breyta um lífsstíl með þeim árangri að líf hennar tók algjörum stakkaskiptum fyrir sex árum,“ segir Gyða.

Ráðstefnan verður haldin kl. 9-13 á laugardaginn í sal Háskóla Íslands við Stakkahlíð.




# TILVALIÐ FYRIR *starfsfólk & fyrirtæki*

# GÓMSÆTAR GJAFIR

## *Sérvaldar* GJAFAKÖRFUR

*Höfum opnað fyrir pantanir á vinsælu veislukörfunum frá Kokkunum.*

*Pantaðu tímanlega og gefðu gjöf sem bragð er af.*

KOKKarnir VEISLUÞJÓNUSTA

www.kokkarnir.is

kokkarnir veisluþjónusta

kokkarnir@kokkarnir.is 511 4466

# Kjötbollur með sætkartöflumús

Kjötbollur eru uppáhaldsmatur margra. Sumir vilja borða þær með spagettí og tómatpastasósu en aðrir vilja sætkartöflumús. Hér er uppskrift að henni.

**3 sætar kartöflur**
**1 kartafla**
**2 gulrætur**
**2 msk. smjör**
**1 dl rjómi**
**Salt og pipar**

Skrælið sætkartöflur, kartöfluna og gulrætur. Skerið í bita og sjóðið þar til allt verður mjúkt. Hellið vatninu frá og stappið með smjör og rjóma eftir því sem þarf. Bragðbætið með salti og pipar. Í kjötbollurnar þarf 500 g hakk, 60 g parmesanost, 1 msk. rasp, salt og pipar. Blandið öllu saman og formið bollur. Steikið á pönnu og setjið síðan í ofn í nokkrar mínútur við 200°C. Það má í rauninni nota hvaða hakk sem er í bollurnar, allt eftir smekk.



**Krakkar eru bæði hrifnir af kjötbollum og sætkartöflumús.**



**Kaffi kryddar tilveruna.**

## Besti bollinn

Fyrir mörgum er kaffi eina ástæðan til að fara fram úr á morgnana. En kaffi getur verið hollara. Með því að bæta gæðum í kaffibollann er hægt að fá enn betri fylgd inn í daginn.

Bættu hálfri teskeið af hreinum kanil í morgunbollann. Kanill er andoxandi, hjartastyrkjandi og eykur einbeitingu.

Engifer dregur úr bólgum og er andoxandi. Bættu teskeið af finrifinni engiferrót út í kaffið og hrærðu vel. Má alveg setja smá hunang ef bragðið verður of rammt.

Túrmerik og svartur pipar hafa líka bólgueyðandi áhrif og eru einstaklega góð samsetning til að hreinsa lifrina. Þessi samsetning í kaffi getur jafnvel haft áhrif á andlega líðan til hins betra.

Kakó er líka gleðigjafi og ein matskeið af ósætu kakói út í morgunkaffið inniheldur bæði trefjar, magnesíum og andoxunarefni. Kakó bætir einnig einbeitingu og minni og örvar framleiðslu serótónins. Og svo er það svo gott!

Með þessum ráðum gæti vel verið að þessi úrvalsbolli væri sá eini sem þú þarft þann daginn.



## Fljótlegur laxaréttur

Það tekur enga stund að matreiða þennan bragðgóða en um leið einfalda fiskrétt. Sannkölluð veisla á virku kvöldi þar sem parmesanosturinn og hvítlaukurinn eru í aðalhlutverki.

Fyrir 6-8

**1 vænt laxaflak, beinhreinsað og snyrt**
**⅔ bollar gott brauðrasp**
**⅔ bollar rifinn parmesanostur**
**¼ bolli smátt skorin steinselja**
**4 hvítlauksgeirar, maukaðir**
**⅓ bolli brætt smjör**
**Salt og pipar**
**Sítróna**

Hitið ofninn í 200 gráður. Þekjið ofnplötu með álpappír og leggið flakið á hana með roðið niður. Blandið saman í skál brauðraspi, parmesanosti, steinselju og hvítlauk. Hellið bræddu smjörinu út í. Bætið næst út í ¾ tsk. af salti og ⅓ tsk. pipar. Notið hendurnar til að blanda hráefninu rólega saman þar til allt hefur blandast vel saman. Stráið blöndunni jafnt yfir laxinn og þrýstið henni vel að fiskinum. Spreyið smá olíu yfir svo blandan verði stökkari. Bakið í ofni í um 12-15 mín. eða þar til hjúpurinn er orðinn stökkur og laxinn eldaður í gegn. Skerið sítrónuna niður í 8-10 báta og berið fram með fiskinum. Stráið smá parmesanosti yfir fiskinn áður en borinn fram. Gott meðlæti gæti t.d. verið salat, soðið grænmeti, grjón eða kartöflustappa.




## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bílauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



VW Caddy 1.6 Disel Kasten. Árgerð 2015, ekinn 12 Þ.KM, disel, beinskiptur. Verð 1.980.000 án VSK. Rnr.136964.



VW Caddy Kasten. Árgerð 2017, ekinn 28 Þ.KM, bensín, beinskiptur. Verð 1.880.000 án VSK. Rnr.137055.



**100% LÁN**
VW Caddy 1.6 Disel Maxi. Árgerð 2011, ekinn 133 Þ.KM, beinskiptur. Verð 1.190.000 án VSK. Rnr.171318.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu

**RENAULT TRAFIC OG OPEL VIVARO 8 FARÞEGA**
Til sölu Renault trafic 8 farþega, árg. 2009 ek. 170þús. Mjög góður bíll í góðu ástandi og litur vel út. Verð 1.500m. Opel Vivaro 8 farþega árg. 2016 ek. 220þús í mjög góðu ástandi og sér ekki á honum. Verð 2.500m
**Uppl. í s. 849 3136**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Fasteignir

**Fasteignasala Kópavogs**
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta
Gunnlaugur Hilmarsson
lögg. fasteignasali

**Lækjarhvammur 21, 220 Hafnarfjörður**




**Opið hús þriðjud. 16. okt. 2018 milli kl. 17:15 og kl. 18:00**

Glæsilegt 6 herbergja 259,3m2 endaraðhús, þar af 37,5m2 bílskúr, á frábærum stað við Lækjarhvamm 21, Hfj. Efri hæð: Forstofa flísalögð, Eldhús er rúmgott, opið og bjart með ljósri innréttingu. Þvottahús og geymsla inn af eldhúsi. Baðherbergi með sturtu. Stofa (eikarparket) er rúmgóð og björt. 2 svefnherbergi. Frá svölum er fallegt útsýni til norðurs og vesturs. Neðri hæð: 3 svefnherbergi. Baðherbergi með baðkari. Verönd og fallegur afgirtur bakgarður.Miklar endurbætur á húsi nýafstaðnar þ.á.m. á þaki. Staðsetning er frábær. Nánari sölulýsing: https://www.fastko.is/soluskra/eign/425680
**Verð: 79,9 millj.**
**Allar upplýsingar veitir Gunnlaugur Hilmarsson, löggildur fasteignasali og viðskiptafræðingur, í síma 777 56 56, gunnlaugur@fastko.is**

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá - Frítt söluverðmat**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



Bílar á staðnum
**Komið** og reynsluakið

MITSUBISHI
# OUTLANDER
PHEV Hybrid Instyle
Nýir bílar árgerð 2018



VERÐ ~~4.990~~
**4.690** ÞÚSUND
Síðustu bílarnir á sérstöku tilboði

**Hlaðnir** aukabúnaði
- Leðursæti
- 360 gráðu myndavélakerfi
- Akreinavari
- Árekstrarvari
- Outlander stafir á húddi
- Þokuljósasett að framan
- Leiðsögukerfi
- Rafdrifin afturhleri
- Blindhornsviðvörun
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- og margt fleira...

**Getum útvegað aukahluti á frábæru verði:***
- Hleðslustöð **85.000** kr.
- Krókur **90.000** kr.
- Heilsársdekk **60.000** kr.

* Gildir eingöngu með nýjum Outlander frá Stóru Bílasölunni.

Bílar í ábyrgð - Allt að 90% fjármögnun - Til í ýmsum litum - Skoðum með uppítöku á öllum gerðum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasimakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Big room for rent in 105 Rvk. 70.000 per month S:869-9766

## Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARHÚSNÆÐI-ATVINNUHÚSNÆÐI**
Til leigu 170,5 fm húsnæði á götuhæð, Bolholti 4. Næsta hús fyrir aftan Skeljung Laugavegi 180. Stórir gluggar, ný málað, góð lýsing og yfir 40 ljóskastarar í loftum.
**Laust strax. Uppl. Ragnar s:893-8166 eða grensas@gmail.com**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Traust og fagleg starfsmannaveita
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is
HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT



# Þú finnur draumastarfið á

# job.is



Sölu- og markaðsstörf



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Upplýsingatækni



Verslun og þjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



Ferðaþjónusta



Stjórnendur

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Frieda M. Oddgeirsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 9. október sl.
Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. október kl. 15.00.

**Gunnar Örn Hákonarson**
**Kristín Björg Hákonardóttir**
**Hákon Jóhann Hákonarson**
**Birgir Hákonarson** — **Hólmfríður Grímsdóttir**
**Hilmar Þór Hákonarson** — **Dóróthea Elísdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ásmundur Hreiðar Kristinsson**
bóndi, Höfða 2,

lést þann 9. október.
Útför hans fer fram frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 20. október kl. 13.30.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðlaug Benediktsdóttir**
**Benedikt Ásmundsson** — **Elín Heiðdís Gísladóttir**
**Sigrún Ásmundsdóttir** — **Baldvin Aðalsteinsson**
**Kristinn Ásmundsson** — **Stefanie Lohmann**
**Friðrika Ásmundsdóttir** — **Guðjón Jónasson**
**Ingólfur Ásmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝

Frændi okkar,

**Jón Þorberg Valdimarsson**
Gaukshólum 2,

lést á Landspítalanum föstudaginn 12. október.

**Valdimar Guðlaugsson**
**Ólína Guðlaugsdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Mats Vibe Lund hefur stundað að taka ljósmyndir af landi og þjóð og lagt áherslu á átthagamyndir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Svo krydda ég textann

**Ljósmyndarinn Mats Wibe Lund hefur gefið út bókina Frjáls eins og fuglinn. Þar lýsir hann lífinu í máli og myndum. Útgáfuhóf er í Norræna húsinu í dag og ljósmyndasýning opnuð.**



**Af bls. 59. Arndís og Mats á brúðkaupsdaginn fyrir utan gömlu Árbæjarkirkjuna.** MYND/INGIMUNDUR MAGNÚSSON

Ég er fæddur 28. febrúar 1937 en í bókinni segi ég fyrst frá því þegar Þjóðverjar réðust inn í Noreg í apríl 1940. Þá var systir mín nýkomin í heiminn og foreldrar mínir voru skíthræddir og flúðu með okkur út fyrir bæinn. Á þeim stað sem við dvöldum var lítið vatn og árabátar og ég að uppgötva heiminn, þriggja ára. Mamma skynjaði hættuna og bað bóndann á bænum að setja svínin inn í fjós svo að hún gæti haft svínastíuna fyrir strákinn. Þannig að fyrstu minningar mínar eru dálítið svínslegar,“ segir ljósmyndarinn góðkunni Mats Wibe Lund sem nú er að gefa út bók með myndum og minningum, Frjáls eins og fuglinn.

Mats er norskur í grunninn, átti heima uppi á Holmenkollen á uppvaxtarárunum og auðvitað varð hann góður á skíðum en kveðst ekki vera það lengur. Hann hefur búið á Íslandi í rúma hálfa öld og ferðast um það vítt og breitt. Með bókinni kveðst hann vilja nota tækifærið og þakka Íslendingum fyrir frábærar móttökur. „Svo krydda ég textann með hinum og þessum sögum.“




Fyrst kom Mats til Íslands til fornleifauppgraftar í Skálholti 17 ára gamall, með nokkrum norskum stúdentum. „Ég var bara menntskælingur og Kristján Eldjárn, sem þá var þjóðminjavörður, sagði þegar ég sótti um að ég fengi að minnsta kosti frítt fæði og uppihald, en launum gæti hann ekki lofað að svo stöddu. Ég reiknaði því ekki með neinu en þegar ég hafði verið þann tíma sem ég ætlaði kom Kristján með myndarlegt launaumslag sem gerði mér kleift að ferðast um landið á puttanum. Það var alveg frábært og ég lenti í ýmsum ævintýrum.“

Mats varð fyrir því að stíga niður í hver í Námaskarði og brennast á fótunum. Eldhúsdúkur í Reynihlíð var rifinn niður í ræmur til að binda um sárið og hann kveðst hafa sloppið mjög vel. „Ég skrifaði vinum mínum í Noregi um ófarir mínar en ekki foreldrum mínum. Einn þeirra hafði samband við þau og eitthvað hafði skolast til í kollinum á honum því hann spurði mömmu hvernig Mats hefði það, hann hefði víst dottið ofan í eldfjall á Íslandi og skaðbrennst. Þannig fengu þau fréttirnar og hringdu í ofboði, ég sannfærði þau um að svo galið hefði þetta nú ekki verið en lofaði að fara varlega og vera ekki með fíflalæti!“



**Mynd af bls. 39. Á tröppum Reynihlíðar eftir að hafa fengið umbúðir utan um brunasár á fótum, hjá dömunum í eldhúsinu þar.**

*Áttir þú strax góða myndavél?*

„Nei, ekki fyrr en upp úr 1960. Þá lærði ég ljósmyndun í Þýskalandi og Frakklandi. Var í herskóla í Versölum á vegum NATO við að vinna úr njósnamyndum. Það var fínn tími.“

Konu sinni, Arndísi Ellertsdóttur, kynntist Mats í Noregi stuttu fyrir jólin 1962, þar var hún þá að hefja hjúkrunarnám. Ástin blossaði upp og á leið til Íslands sumarið eftir settu þau upp hringana á litlum en góðum veitingastað í kóngsins Kaupinhafn. Þar hljómaði Desafinado með Stan Getz og það varð trúlofunarlagið. „Við giftum okkur 1964 í gömlu Árbæjarkirkjunni, sem var nýlega flutt frá Silfrastöðum, Eyjólfur, yngsti bróðir Arndísar, spurði: „Ætlið þið að gifta ykkur í þessu fjósi?“

En hjónabandið hélt, þar til fyrir þremur árum, þegar hún Arndís lést úr krabbameini. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði verið með mér núna. Hún barðist við krabbann í rúmt ár, var jarðsungin í Háteigskirkju og þegar Flosi spilaði Desafinado þá átti ég bágt. Það er skrítið með söknuðinn, hann verður bara meiri og meiri með tímanum. Ég túlka það sem staðfestingu á því hvað við áttum gott líf saman.“

Mats setti fljótt upp eigið fyrirtæki í Reykjavík, ljósmyndastofu og verslun og svo ferðaðist hann um landið og tók myndir sem hann síðan seldi. „Á þessum ferðum kynntist ég mjög mörgum og sumir þeirra koma við sögu í bókinni. Ég fékk góða aðstoð við að lagfæra málfarið í bókinni, til dæmis hjá Kristínu Jónsdóttur í Háskóla Íslands. Syni mínum, Christopher, leist ekkert á handritið áður. „Pabbi minn, þú mátt nú ekki gera þig að fífli,“ sagði hann. **gun@frettabladid.is**



Saumahornið í Menningarhúsinu í Árbæ er notalegt.



Í rekka er úrval af sniðablöðum til að skoða og nýta.

# Nýtt saumahorn í Árbænum

Heimilislegt saumahorn hefur verið útbúið í Borgarbókasafninu að Hraunbæ 119 í Reykjavík, til afnota fyrir almenning. Þar eru þrjár glænýjar saumavélar, tvær venjulegar og ein overlock-vél. Einnig er aðstaða til að taka upp snið. Gestir geta því saumað flíkur og fleira frá grunni og einnig er tilvalið að koma með föt og annað sem þarfnast viðgerðar.

Miðað er við að þeir sem nota saumavélarnar séu að mestu sjálfbjarga þar sem ekki verður veitt sérstök aðstoð við saumaskapinn.

Borgarbókasafnið tekur þátt í verkefninu „Árpokinn“ sem er samstarf milli Kvenfélags Árbæjarsóknar, Þjónustumiðstöðvarinnar, Félagsmiðstöðvarinnar 105 og bókasafnsins í hverfinu. Það snýst um að sauma innkaupapoka sem verða gefnir á bókasafninu, í sundlauginni og öðrum stöðum þar sem not eru fyrir þá. Snið og efni eru til taks á safninu. Svipuð verkefni hafa verið í gangi víða um land.

Borgarbókasafnið leggur áherslu á læsi og skapandi hugsun í víðum skilningi og áherslur eru mismunandi á milli safna þess. Í Gerðubergi er tilraunaverkstæði þar sem hægt er að læra um tækni og forritun, í Grófinni má finna Kompuna, lítið hljóðver tileinkað hlaðvarpsupptökum, og í Árbænum er áhersla lögð á handverk og saumaskap. – **gun**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján A.S. Jónsson**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut 5. október sl. Útförin hefur farið fram.
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug og til starfsfólks Grundar fyrir góða og kærleiksríka umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristín Kristjánsdóttir**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magna Júlíana Oddsdóttir**

frá Ysta-Bæ, Hrísey,
Vestursíðu 8a, Akureyri,

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri þann 6. október í faðmi fjölskyldunnar.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
„Þegar þið eruð nálægt þá er hamingjan mest.“

**Óskar Bernharðsson**
**Oddur Óskarsson** **Sólrún Ingimarsdóttir**
**Anna María Oddsdóttir** **Þorvaldur Gröndal**
**Magna Júlíana Oddsdóttir** **Helgi Freyr Ólason**
**Davíð Örn Oddsson** **Hildur Brynjarsdóttir**
**Oddur Óli, Benedikt Kári, Markús Máni,**
**Óðinn Þór, Skírnir Freyr, Hólmar Aron, Brynja Sól**

---



✝

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Ingibjörg Guðjónsdóttir**

Ofanleiti 5, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi 6. október sl., verður jarðsungin frá Háteigskirkju 18. október nk. kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Sigríður Guðjónsdóttir** **Jón Ingvarsson**
**Guðjón Axel Guðjónsson** **Katrín Björk Eyvindsdóttir**
**Kristín Laufey Guðjónsdóttir** **Óðinn Vignir Jónasson**
**Kristmann Óskarsson** **Bergljót Hermundsdóttir**
**og systkinabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Marsibil Sigríður Eðvaldsdóttir**

Eyri, Hvammstanga,

lést mánudaginn 1. október 2018 á Sjúkrahúsinu á Hvammstanga.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hvammstanga.

**Ársæll Daníelsson** **Dýrunn Hannesdóttir**
**Pétur Daníelsson** **Ágústa Linda Bjarnadóttir**
**Eðvald Daníelsson** **Sigurbjörg Berglind Sölvad.**
**Gústav Jakob Daníelsson** **Guðrún Jóhanna Axelsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Jónína Kristín Kristjánsdóttir**

lést á Hlévangi, Keflavík, mánudaginn 1. október sl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 19. október klukkan 13.

**Hilmar Bragi Jónsson**
**Magnús Brimar Jóhannsson** **Sigurlína Magnúsdóttir**
**Hanna Rannveig Sigfúsdóttir** **Ágúst Pétursson**
**Drífa Jóna Sigfúsdóttir** **Óskar Karlsson**
**Sjöfn Eydís Sigfúsdóttir** **Jóhann Ólafur Hauksson**
**Snorri Már Sigfússon**
**Rebekka Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

**Sigurlaug Ásgerður Þorsteinsdóttir**

frá Steinnesi,
fv. bankagjaldkeri,
Rauðalæk 30, Reykjavík,

andaðist á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 11. október síðastliðinn. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Guðmundur Þorsteinsson**
**Gísli Þorsteinsson** **Lilja Jónsdóttir**
**Bjarni Guðmundsson**
**Ólína Guðmundsdóttir**
**Elísabet Hanna Guðmundsdóttir**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Þorsteinn Björn Gíslason**
**Jón Ármann Gíslason**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Fríða Gestrún Gústafsdóttir**

Ferjubakka 8,

lést á Borgarspítalanum 7. október.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. október kl. 13.00.

**Sjöfn Svansdóttir** **Örn Vigfús Óskarsson**
**Gústaf Bjarni Svansson**
**Rúnar Guðjón Svansson** **Kristín Heiða Eyþórsdóttir**
**Jóhanna Svansdóttir** **Ágúst Fylkisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Björg Ólafsdóttir**

leikskólastjóri,

lést hinn 9. október á Hrafnistu, Reykjavík, í faðmi fjölskyldunnar.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 22. október nk. kl. 13.00.
Þökkum starfsfólki Hrafnistu alla umhyggju og hlýju.

**Karl Jóhann Ormsson**
**Sigrún Karlsdóttir** **Magnús Björn Brynjólfsson**
**Eyþór Ólafur Karlsson** **Margrét Árnadóttir**
**Ormur Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Guðrún Sigríður Jakobsdóttir**

hjúkrunarfræðingur og exam.art.
í persneskum fræðum, Hellerup, Danmörku,

andaðist á Skt. Lukasstiftelsens Hospice í Hellerup föstudaginn 5. október. Útför hennar verður gerð frá Sions Kirke, Østerbrogade, Kaupmannahöfn, þriðjudaginn 16. október.

**Hans W. Rothenborg**
**Jens Rothenborg**
**Jórunn Rothenborg** **Erlendur Sturla Birgisson**
**Daniel Hans Erlendsson**
**Alexander Erlendsson** **Halldóra Markúsdóttir**
**og óskírður sonur þeirra**
**Þór Jakobsson** **Jón Einar Jakobsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Laugi Guðlaugsson**

húsasmíðameistari,

lést þriðjudaginn 25. september.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 18. október kl. 15.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Einstök börn (félag langveikra barna).

**Anna Guðjónsdóttir**
**Hannes Kristinn Gunnarsson**
**Sigríður Hugrún Gunnarsdóttir**
**Andrea Kristjana L. Gunnarsdóttir**
**Guðlaugur J. Guðlaugsson**
**tengdabörn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Brynjólfsson**

framkvæmdastjóri Verkfæralagersins,
Kríuhólum 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 23. september á Tenerife. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 16. október kl. 13.00.

**Hrafnhildur Gunnarsdóttir**
**Brynjólfur Gunnarsson** **Ásta Bjarnadóttir**
**Tómas Haraldsson** **Selma Smáradóttir**
**Móeiður Tómasdóttir**
**Sara Brynjólfsdóttir** **Alma Brynjólfsdóttir**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Austan og norðaustan 8-15 og rigning, einkum SA til. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu, en gengur í allhvassa vestanátt SV-lands í kvöld með rigningu. Hiti 0 til 10 stig.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 3° | 2° |
| → 8 | → 8 | → 14 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 5° | -1° |
| ↗ 15 | → 12 | → 7 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 5° | 7° |
| ↑ 6 | ↑ 8 | ↑ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 7° | 2° |
| ↑ 8 | ↑ 11 | ↑ 18 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. sníkjudýr
5. frostskemmd
6. íþróttafélag
8. flökta
10. í röð
11. gröm
12. erlendis
13. sundfæri
15. augnaráð
17. rölta

**LÓÐRÉTT**
1. vegur
2. óheilindi
3. gubb
4. hindra
7. nytja
9. kk nafn
12. fugl
14. fjallaskarð
16. rómversk tala

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** afæta, **5.** kal, **6.** fh, **8.** blakta, **10.** rs, **11.** erg, **12.** utan, **13.** uggi, **15.** tillit, **17.** lalla.
**LÓÐRÉTT:** **1.** akbraut, **2.** fals, **3.** æla, **4.** aftra, **7.** hagnýta, **9.** ketill, **12.** ugla, **14.** gil, **16.** il.

## Skák Gunnar Björnsson

Sudgen átti leik gegn Dutch í London árið 1964.

**1...Dd1+!! 2. Kxd1 Bg4+ 3. Kc2** (3. Ke1 Hd1#). **3. ... Bd1# 0-1.** Lokaumferð Meistaramóts Hugins fór fram. Um niðurstöðuna þar má lesa um skak.is. Fjórða umferð EM taflfélaga fór fram í dag og mótinu er framhaldið í dag.

**Skak.is:** EM taflfélaga.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Jón Ólafsson prófessor heldur fyrirlestur um loftslagsorðræðuna í Rússlandi. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Söngvaka
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Andrými, Bergþórugötu
Söngvaka er vinnustofa helguð íslenskum sönghefðum. Farið verður m.a. yfir tvísönginn Ljósið kemur langt og mjótt og sagnakvæðið Systrakvæði. Samkoman er opin öllum. Sungið er eftir eyranu en nótur verða á staðnum fyrir þá sem vilja. Fáir iðka þessar hefðir í dag en ykkur er boðið að taka þátt í að endurvekja þær.

**Hvað?** JÁ kvartett á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á næsta jazzkvöldi Kex Hostels, þriðjudaginn 16. október, kemur fram JÁ kvartett, hljómsveit gítarleikarans Jóns Ómars Árnasonar. Haukur Gröndal leikur á saxófón, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Skúli Gíslason á trommur. Leikin verða lög eftir Jón Ómar ásamt lögum eftir bandaríska gítarleikarann Bill Frisell í bland við vel valda húsganga úr amerísku söngbókinni. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Týsdags Tæknó Vol. 11
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Týsdags Tæknó snýr aftur á Húrra. Bistro Boy, Trptych og Dj Hendrik.

### Viðburðir

**Hvað?** Óbyggðirnar kalla – Loftslagsorðræða í ríki Pútíns
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Jón Ólafsson prófessor heldur fyrirlestur um loftslagsorðræðuna í Rússlandi. Í ágripi hans segir: „Því er stundum haldið fram að kosturinn við valdstjórnir sé sá að þær geti komið mörgu í verk. Þegar stjórnvöld séu háð almenningsáliti í sama mæli og tíðkast í frjálslyndum lýðræðisríkjum geti verið erfiðara að ná styrk til sársaukafullra eða óvinsælla aðgerða. Í fyrirlestrinum eru færð rök gegn þessari skoðun með því að skoða loftslagsumræðu – og orðræðu – í Rússlandi. Vandinn liggur ekki í ákvörðunum stjórnvalda heldur í umræðunni sjálfri, sem er stýrt af yfirvöldum.“ Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Kynningartími í argentínskum tangó og milonga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Opinn kynningartími í argentínskum tangó kl. 20-21, leiðbeinendur eru Guðbjörg og Þórður. Allir velkomnir, engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með dansfélaga. Aðgangur kr. 500. Í kjölfarið er milonga (tangóball), frítt fyrir byrjendur. Dj Þorvarður heldur uppi dúndrandi stuði með yndislegri gullaldar tangótónlist ásamt nýrri. Njótum þess að dansa á yndislegu haustkvöldi í þessu fallega húsi. Dansað er til kl. 23. Aðgangseyrir er 1.000 kr. en frítt er fyrir 30 ára og yngri.

**Hvað?** Sömdu Sturlungar þetta allt saman? – Fyrirlestur um leit að höfundi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Snorrastofa, Þjóðarbókhlöðunni
Fyrirlestur dr. Hauks Þorgeirssonar í minningu Snorra Sturlusonar, sem fresta þurfti 2. október síðastliðinn, verður á dagskrá í Bókhlöðu Snorrastofu þriðjudaginn 16. október kl. 20.30.

**Hvað?** Baráttufundur fyrir fjölmiðlafrelsi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Austurvöllur
Fyrir ári var sett lögbann á Stundina og einum helsta fjölmiðli landsins meinað að fjalla um viðskiptagjörninga þáverandi forsætisráðherra og núverandi fjármálaráðherra. Nýverið vann Stundin mál fyrir Landsrétti, en enn ríkir ákveðin óvissa og hugsanleg lögbönn vofa yfir öðrum fjölmiðlum landsins ef þeir skrifa greinar sem fjalla gagnrýnið um valdhafa og viðskiptalíf Íslands.

**Hvað?** Forysta á Íslandi – Er hún einstök?
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hátíðarsalur Háskóla Íslands
Í dag munu dr. Inga Minelgaite, dr. Svala Guðmundsdóttir, dr. Árelía E. Guðmundsdóttir frá Viðskiptafræðideild og dr. Olga Stangej, FHS University of Applied Sciences St. Gallen í Sviss, kynna bók sína: Demystifying Leadership in Iceland: An Inquiry into Cultural, Societal, and Entrepreneurial Uniqueness. Boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundarins. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Varðbergsfundur með James G. Foggo aðmírál
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
James G. Foggo, aðmíráll, yfirmaður flotastjórnar NATO í Napólí, flytur fyrirlestur: Svör NATO og bandalagsþjóðanna við breyttri strategískri stöðu og hernaðarlegri þróun á Norður-Atlantshafi.

### Sýningar

**Hvað?** D34 María Dalberg – Suð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
María Dalberg (f. 1983) er 34. listamaðurinn sem sýnir í sýningaröð D-salar sem hóf göngu sína árið 2007. María útskrifaðist með MA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2016. Verk hennar hafa verið sýnd á fjölda samsýninga og kvikmyndahátíða víða í Evrópu og í Ameríku. Hún hefur unnið með vídeóinnsetningar, hljóð, gjörninga, ljósmyndir, teikningar og textaskrif. Tilraunir með efni og efniskennd í vídeóverkum og öðrum miðlum er stór þáttur í listsköpun hennar.

**Hvað?** Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Listasafn Íslands efnir til sýningar á úrvali verka Karls Einarssonar Dunganons sem er ætlað að varpa ljósi á líf og list þessa einstaka listamanns sem hafði alla tíð sterkar taugar til Íslands og arfleiddi íslensku þjóðina að verkum sínum. Varðveitir Listasafn Íslands rúmlega tvö hundruð myndverk, en ljóð hans, úrklippubækur og önnur gögn eru geymd í Þjóðskjalasafni Íslands.













# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur





**CARDINAL**
KL. 21:10
Þau eru ekki alltaf sammála en saman vinna þau sem eitt þegar kemur að flóknum sakamálum. Glæný og hörkugóð spennuþáttaröð með magnaða lögreglutvíeykinu, John Cardinal og Lisu Delorme.

**Þrælgott þriðjudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**MODERN FAMILY**
KL. 19:55
Sórskemmtileg þáttaröð um líf þriggja nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.





**YOU, ME & FERTILITY**
KL. 20:20
Við höldum áfram að fylgjast með sex pörum í því erfiða hlutskipti sem frjósemismeðferð er. Vandaðir og einstakir þættir þar sem við fáum innsýn í líf þeirra sem þrá að eignast barn og stofna fjölskyldu.

**BETTER CALL SAUL**
KL. 21:55
Hörkugóðir þættir um lævísa lögfræðinginn Saul Goodman en þessi sería gerist stuttu áður en Breaking Bad sagan hefst.






**FLASH**
KL. 20:50
Skemmtilegir þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.

Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.** **stod2.is**


### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Lína langsokkur
**07.45** Strákarnir
**08.15** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Mr Selfridge
**10.25** Manstu
**11.10** Lóa Pind: Battlað í borginni
**12.00** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X Factor UK
**13.45** The X Factor UK
**15.05** The X Factor UK
**15.50** The Secret Life of a 4 Year Olds
**16.35** Baby Daddy
**17.00** Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig.
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Last Week Tonight With John Oliver
**19.55** Modern Family
**20.20** You, Me & Fertility Vandaðir þættir þar sem fylgst er með frjósemismeðferðum sex para í eitt ár. Í þessum einstöku þáttum fáum við afar nána innsýn í líf þeirra, fáum að fylgjast með draumum þeirra og væntingum og því andlega og líkamlega álagi sem fylgir þessu persónulega ferli.
**21.10** Cardinal
**21.55** Better Call Saul
**22.45** The Art of More Önnur syrpa þessara spennandi þátta sem fjalla um það sem gerist á bak við tjöldin í listaheiminum í New York en þar er ekki allt sem sýnist. Með aðalhlutverk fara Christian Cooke, Kate Bosworth, Dennis Quaid og Gary Elves.
**23.30** Grey's Anatomy
**00.15** The Good Doctor
**01.00** Wentworth
**01.50** Orange is the New Black
**02.45** The Bold Type
**03.25** Ballers
**03.55** The Hunter's Prayer
**05.25** NCIS

### STÖÐ 2 SPORT

**08.55** Spánn - England
**10.35** Þjóðadeildarmörkin
**10.55** Stjarnan - KA
**12.25** Seinni bylgjan
**14.00** OpenCourt - Basketball 101
**14.50** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**15.15** Holland - Þýskaland
**16.55** Írland - Danmörk
**18.35** Frakkland - Þýskaland
**20.45** Þjóðadeildarmörkin
**21.05** Frakkland - Ísland

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.10** Haukar - Valur
**09.35** Þór Þ. - Njarðvík
**11.15** Domino's-körfuboltakvöld
**12.55** Dallas Cowboys - Jacksonville Jaguars
**15.15** Ísland - Sviss
**16.55** Spánn - England
**20.45** Ísland - Spánn
**22.25** Frakkland - Þýskaland

### STÖÐ 3

**19.00** Great News
**19.25** Arrested Developement
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Flash
**21.35** The Originals
**22.20** Supernatural
**23.05** The Newsroom
**00.50** Arrested Developement
**01.20** Seinfeld
**01.45** Friends
**02.10** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.54** Pingu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Gulla og grænjaxlarnir
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Tindur
**10.23** Mæja býfluga
**10.35** K3
**10.46** Grettir
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Pingu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Gulla og grænjaxlarnir
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Tindur
**14.23** Mæja býfluga
**14.35** K3
**14.46** Grettir
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Pingu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Gulla og grænjaxlarnir
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Tindur
**18.23** Mæja býfluga
**18.35** K3
**18.46** Grettir
**19.00** Hanaslagur



**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** CIMB Classic
**12.00** CIMB Classic
**16.00** British Masters
**19.00** Golfing World
**19.50** PGA Highlights
**20.45** CIMB Classic

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.05** Gifted
**13.45** The Edge of Seventeen
**15.30** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**17.00** Gifted
**18.40** The Edge of Seventeen
**20.25** The Immortal Life of Henrietta Lacks Vönduð mynd frá HBO með Opruh Winfrey og Rose Byrne í aðalhlutverkum.
**22.00** The Last Witch Hunter
**23.45** Knock Knock Spennutryllir frá 2015 með Keanu Reeves í hlutverki Evans sem er vinsæll arkitekt sem lifir að því er virðist frábæru og fullkomnu lífi. Hann á glæsilega eiginkonu, börn sem gengur vel í öllu sem þau taka sér fyrir hendur og draumaheimili sem hann hannaði sjálfur.
**01.25** Don't Breathe
**02.55** The Last Witch Hunter

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: Andri á flandri - Í Vesturheimi
**14.30** Úr Gullkistu RÚV: Villt og grænt
**15.00** Úr Gullkistu RÚV: Með okkar augum
**15.25** Drengjaskólinn
**15.55** Innlit til arkitekta
**16.25** Menningin - samantekt
**17.00** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Bitið, brennt og stungið
**18.15** Handboltaáskorunin
**18.27** Strandverðirnir
**18.47** Hundalíf
**18.49** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Kveikur
**20.35** Mannleg hegðun
**21.30** Flowers-fjölskyldan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Grafin leyndarmál
**23.10** Gæfusmiður
**23.55** Kastljós
**00.10** Menningin
**00.20** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.05** Royal Pains
**14.50** The Good Place
**15.15** American Housewife
**15.40** Survivor
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.40** Black-ish
**20.00** Will & Grace
**20.25** Smakk í Japan
**21.00** FBI
**21.50** Star
**22.35** I'm Dying Up Here
**23.25** The Tonight Show
**00.45** CSI: Miami
**01.30** American Crime
**02.15** New Amsterdam
**03.05** Station 19
**03.50** Elementary
**04.35** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ÖLL ÞVOTTATÆKI Í ÖLLUM MERKJUM MEÐ 15% AFSLÆTTI Í NOKKRA DAGA

ORMSSON

# ÞVOTTADAGAR

15%

AEG
914550043
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.
**Verð áður: 119.900,-** **Verð nú: 101.915,-**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

10 ára ábyrgð á kolalausum mótor

AEG
914550046
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.
**Verð áður: 139.900,-** **Verð nú: 118.915,-**

15%
AEG
916097949
**ÞURRKARI**
*T6DBM720G*
Tekur 7 kg af þvotti.
**Áður: 99.900,-**
**Nú: 84.915,-**

15%
AEG
916097952
**ÞURRKARI**
*T6DEL821G*
Tekur 8 kg af þvotti.
**Áður: 109.900,-**
**Nú: 93.415,-**

15%
AEG
916097905
**ÞURRKARI**
*T7DEP831E*
Með varmadælu.
Tekur 8 kg af þvotti.
**Áður: 129.900,-**
**Nú: 110.415,-**

15%
COMFORT LIFT
AEG
911 444 409
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FFB63806PM FS*
Tekur 13 manna stell
**Áður: 179.900,-**
**Nú: 152.915,-**

15%
AEG
911 444 415
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FSILENCM4 FS STÁL*
Tekur 13 manna stell.
**Áður: 129.900,-**
**Nú: 110.415,-**

15%
AEG
911 444 416
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FSILENCW4 FS HVÍT*
Tekur 13 manna stell.
**Áður: 119.900,-**
**Nú: 101.915,-**

SAMSUNG
**ÞVOTTAVÉL**
**ECO BUBBLE**
**7KG 1400SN**
SAWW70J5486MW/EE
**Áður: 69.900,-**
**Nú: 59.900,-**

SAMSUNG
**ÞURRKARI**
**7KG BARKALAUS**
SADV70M5020KW/EE
**Áður: 89.900,-**
**Nú: 79.900,-**

ZANUSSI
**ÞVOTTAVÉL**
**7KG 1200SN**
ZWF71243W
**Áður: 64.900,-**
**Nú: 55.165,-**

UPPSELDUR

ZANUSSI
**ÞURRKARI**
**8KG BARKALAUS**
ZDC8202PZ
**Áður: 79.900,-**
**Nú: 67.915,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Setningarnar sem aldrei heyrast frá erlendum ferðamönnum

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdarstjóri IKEA, hjólaði í íslenska okrið í ferðaþjónustunni. Trúlega mun enginn ferðamaður nokkru sinni segja að hann hafi gert góð kaup hér á landi enda landið dýrasti áfangastaður heims samkvæmt OECD. Fréttablaðið tók saman nokkrar setningar sem erlendir ferðamenn munu líklegast aldrei láta falla.



## „HEYRÐU, FYRST BJÓRINN ER SVONA ÓDÝR ÆTLA ÉG AÐ FÁ TVO“

Ísland rukkar gríðarlega mikið fyrir bjórinn og skiptir engu máli hvort hann er innlendur eða erlendur. Samkvæmt könnun sem ferðaskrifstofan Intrepid opinberaði í maí var bjórinn dýrastur hér á landi en ódýrastur í Víetnam. „Bjórdrykkjumenn ættu að hugsa sig vel um áður en þeir bjóða á línuna á Íslandi,“ sagði í frétt um málið.




## „ÖLL ÞESSI ÖRYGGISGÆSLA ER ÓÞÖRF“

Lögreglan er undirmönnuð og með enga peninga svo hún sést ekki lengur á vegum landsins, já, sést bara almennt ekki. Trúlega mun enginn útlendingur nokkru sinni kvarta undan of mikilli löggæslu.



## „GÓÐUR ÞESSI INNLENDI BJÓR Í BÚÐINNI“

Bjórinn er ekki kominn í búðir en þó reyna búðir að blekkja ferðamenn. Í frétt frá árinu 2016 kom fram að áfengislausu víni og léttbjór væri stillt upp á áberandi stöðum í verslunum. Sagði varaformaður neytendasamtakanna að verslanir væru í blekkingaleik.



## „GÓÐAR ALMENNINGSSAMGÖNGUR“

Í flugstöðinni er svo erfitt að finna skilti um almenningssamgöngur að fáir nýta sér þær. Í könnun Ferðamálastofu sagði einn: „In my eyes Iceland is too touristy, extremely expensive; car is an absolute necessity because so called public transport is incredibly expensive and infrequent for ordinary travelling.“



## „ÉG SÁ FULLT AF NORÐURLJÓSUM Í SUMAR“

Það er sko ekki hægt.



## „ÞAÐ ER SVO AUÐVELT AÐ KEYRA HÉR Á ÍSLANDI“

Í síðustu könnun Ferðamálastofu gáfu 22,6 prósent ferðamanna vegakerfinu 0-6 í einkunn. Árin 2015 til 2017 slösuðust alls 739 einstaklingar í umferðarslysum tengdum erlendum ökumönnum eða um einn á dag samkvæmt Umferðarþingi í byrjun mánaðarins.

## „MANNI LÍÐUR EINS OG MAÐUR SÉ EINN Í HEIMINUM“

Í könnun sem Ferðamálastofa gerði í fyrra þar sem ferðamenn voru spurðir: Hvers vegna ertu ekki líklegri til að mæla með Íslandi sem áfangastað fyrir ferðamenn? kom fram í nokkrum svörum að fyrir utan að landið væri óheyrilega dýrt væri það of túristalegt. „Everyone doing the same things, going the same places. It's not that I would not recommend it.“ Glöggt er gestsaugað.



## ÞETTA HEYRIST SAGT

- A unique unspoilt destination offering spectacular scenery.
- Absolutely beautiful place; very easy to travel to and get around.
- Amazing countryside, beautiful views. Feel like it was the most incredible trip I've taken.
- Amazing still wild nature.
- Beautiful sceneries, lot of adventures, kind people and excellent food.
- Beautiful country with stunning nature, friendly people and extremely clean.
- Iceland is beautiful country with first-class services.
- Best trip our family has ever been on.



# BÆKUR, GAGN & GAMAN!




25% AFSLÁTTUR

NÝ VARA

**Heyrnartól Metallix**
**TILBOÐSVERÐ: 2.249.-**
Verð áður: 2.999.-

maxell



**Skákmenn úr plasti (í plastpoka)**
**TILBOÐSVERÐ: 2.894.-**
Verð áður: 3.859.-

25% AFSLÁTTUR



**Skákborð upprúllanlegt**
**TILBOÐSVERÐ: 1.349.-**
Verð áður: 1.799.-

Artline




40% AFSLÁTTUR

**Merkitússpenni Artline 70/90**
**TILBOÐSVERÐ: 359.-**
Verð áður: 599.-




30% AFSLÁTTUR

NÝ VARA

**Minnismiðar með formi**
**TILBOÐSVERÐ: 377.-**
Verð áður: 539.-

OKT. BÓK MÁNAÐARINS




**Norrænu goðin**
**VILDARVERÐ: 5.799.-**
Verð: 6.999.-

# BLEIKI
# PENNINN 2018



Allur ágóði af sölu pennans, **650 kr.**, rennur til Krabbameins-félagsins líkt og undanfarin ár.

Pentel

**Bleiki penninn**
Verð: 1.289.-




35% AFSLÁTTUR

**Sjálfmatandi skrúfblýantur (0,2 - 0,3 - 0,5 - 0,7)**
**TILBOÐSVERÐ: 779.-**
Verð áður: 1.199.-

Pentel

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs- og vildarverða er út októbermánuð eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.







# Hefur vakið athygli fyrir ímyndað landslag

**Charlotta Hauksdóttir** hefur vakið athygli í Bandaríkjunum fyrir mannhæðarhá ljósmyndaverk sín sem hún vinnur úr íslensku landslagi. Hvert verk er unnið úr tugum eða hundruðum ljósmynda.

Charlotta Hauksdóttir er íslenskur ljósmyndari, búsett í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Hún hefur verið að vinna ljósmyndaverk þar sem hún notar ævintýralega íslenska náttúru sem hún brýtur upp og raðar saman á ný í það sem hún kallar ímyndað landslag – brotakennt eðli minninganna og heimþráin er þar í forgrunni enda hefur Charlotta verið búsett erlendis síðan árið 2001. Verkin hafa vakið áhuga í Bandaríkjunum og komust inn á Critical Mass Top 50 í ár, en það er virt ljósmyndakeppni þar í landi. Einn dómarinn fjallaði sérstaklega um verkin í tímaritinu Wired.

„Ég byrjaði að mynda íslenskt landslag 2003 eftir að ég flutti til Bandaríkjanna. Ég hafði aldrei haft löngun til að mynda landslag sem slíkt en mér fannst ég vera rótlaus þannig að ég ákvað að gera verkefni um það. Verkin voru alveg frá byrjun myndir af landslagi sem var í bútum og sumar myndir hreyfðar. Ég tók margar myndir á hverjum stað, prentaði stórar og setti þær svo saman í tvennum og þrennum. Þannig skapaðist ímyndað landslag sem kippti fótunum undan manni og benti á hversu erfitt getur verið að halda í minningar og meðtaka umhverfið.

Fyrir 10 árum fór ég að vinna í lóðréttu landslagi. Þá myndaði ég niður þar sem ég stóð og svo ýmis sjónarhorn á hverjum stað, setti svo saman í þrennum sem voru mannhæðarháar. Þannig gat áhorfandinn staðsett sig í landslaginu og „gengið inn í það“. Ég setti myndirnar saman þannig að þær runnu saman og mynduðu heild en þegar betur var að gáð sást að fjarlægðin á myndunum var ekki sú sama. Einnig sáust skilin á milli þeirra og ljóst var að þetta var ekki samfellt landslag.“

Charlotta lærði ljósmyndun í Róm árið 1993 og svo í San Francisco Art Institute en þaðan útskrifaðist hún með MFA í ljósmyndun árið 2004. Hún er flogaveik og segir það hafa mikil áhrif á listsköpun sína og það hvernig minningarnar geta verið gloppóttar.

„Verkin mín fjalla mikið um hvað minningar geta verið viðkvæmar og breytilegar og hvernig maður flakkar í gegnum tíma. Ég geri mikið af myndum sem eru í lögum þar sem sést hvernig minningar myndast og tapast á sama tíma eða sem jafnvel innihalda aðrar myndir sem benda á hversu mikið fortíðin situr í manni og hefur áhrif á mann. Þó þetta sé kannski margfaldað í mér þá trúi ég því að allir tengi á einn eða annan hátt við þessar tilfinningar.“

Verkin sem Charlotta gerir í dag segir hún hafa verið að þróast í dálítinn tíma.

„Fyrir einu og hálfu ári fór ég að slíta landslagið ennþá meira í sundur. Byrjaði á því að setja saman nokkrar myndir í Photoshop og búa til nýtt saumlaust landslag, lagði síðan fingrafaramaska yfir og prentaði út. Þannig sást landslagið bara í raufunum en mig langaði að gera meiri skúlptúr úr því. Ég fór því að klippa myndirnar niður og líma saman. Nú er ég líka að gera myndir sem líta út eins og jarðlög og kemur þá hugmyndin um minningar og tíma sterkt inn. Ég hef mikinn áhuga á því að áhorfandinn geti dregið af sinni eigin reynslu og minningum til að sjá heildarmyndina.“

Að baki hverju einasta verki sem Charlotta gerir er töluverð vinna, bæði í Photoshop og handavinna. Þetta tekur allt sinn tíma og lokaafraksturinn er líka engin smásmíði – nýjasta mynd hennar er 175x60 cm, sem sagt mannhæðarhá, og tók heila viku í framleiðslu.

„Ég mynda tugi til hundraða mynda á hverjum stað sem ég fer á, vel svo úr 20 til 30 myndum þær sem mér finnst flæða vel saman. Þeim stilli ég upp í Photoshop, aftur með maska til að sjá endanlegu útkomuna og prenta. Síðan klippi ég myndirnar í höndunum ásamt efni sem ég set á milli þeirra til að ná þrívíddinni og lími saman.“

Nálgast má verk Charlottu og fleiri upplýsingar á vefsíðu hennar, charlottamh.com.

**stefanthor@frettabladid.is**







> **ÉG HEF MIKINN ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ ÁHORFANDINN GETI DREGIÐ AF SINNI EIGIN REYNSLU OG MINNINGUM TIL AÐ SJÁ HEILDARMYNDINA.**





**Hvert verk er unnið úr tugum eða hundruðum ljósmynda sem Charlotta stillir upp í Photoshop og klippir svo í höndunum.** MYND/CHARLOTTA HAUKSDÓTTIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu reynsluakstur á **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja






Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Hauks Arnar Birgissonar




## Snjókorn falla

Það er eitthvað mikið að í vestrænu háskólasamfélagi og ástæða er til að hafa áhyggjur af framtíð nemenda, sem að lokum þurfa að takast á við harðan raunveruleikann. Í bandarískum háskólum er viðkvæmni nemenda og meðvirkni skólayfirvalda orðin slík að settir hafa verið upp sérstakir griðastaðir nemenda (e. safe spaces) þar sem nemendur eiga að geta komið saman og notið verndar fyrir orðum og hugmyndum sem kunna að valda þeim óþægindum (nei, ég er ekki að grínast). Þá er kennurum gert að vara nemendur við, í upphafi annar, ef námsefnið gæti valdið óþægindum og kallað fram sterk tilfinningaleg viðbrögð (e. trigger warnings). Sú aðferðafræði að umgangast nemendur eins og viðkvæm snjókorn er ekki endilega heppilegur undirbúningur fyrir lífið.

Afleiðing þessa rétttrúnaðarskrípaleiks er sú að fjöldi háskólakennara hefur ýmist þurft að segja upp störfum eða verið látinn taka pokann sinn í kjölfar mótmæla og kröfugerða ýmissa nemendahópa sem telja kennarana hafa gengið á sinn hlut. Nemendurnir segjast ekki treysta sér til að mæta í tíma eða þreyta próf hjá kennurum sem hafa skoðanir sem ekki eru þeim að skapi. Það sem meira er, þá telja nemendurnir þetta til réttinda sinna. Þegar ummæli kennaranna þykja móðgandi eða særandi er gjarnan notast við hugtakið hatursorðræða. Því miður hefur hugtakið verið verulega gengisfellt á síðustu árum. Rétturinn til að móðgast ekki virðist nú teljast til mannréttinda.

Sókrates benti á mikilvægi þess að ögra nemendum, því þannig lærðu þeir gagnrýna hugsun. Ef viðkvæmni háskólanemenda er orðin fyrirstaða orðaskipta og rökræðu og háskólarnir eru farnir að viðurkenna að nemendur geti ekkert lært af kennurum sem þeim líkar ekki við eða eru ósammála, þá erum við á hættulegri braut.








